


**skoðun 12**




## 2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt

Jólagjöfin hans

## Dansandi þingmenn

*Boðið verður upp á er óvenjulegt dansatriði á Degi rauða nefsins þar sem þingmenn munu sýna á sér nýjar hliðar.*

**fólk 30**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**

**6. desember 2011**

285. tölublað 11. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

10 ÁRA 2001-2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Vandasamt verk

*Nemendur við Myndlistaskólann í Reykjavík sýna duftker í Norræna húsinu.*

**tímamót 16**

## Hells Angels í nýrri ljósmyndabók

*Myndir af meðlimum Hells Angels eru í ljósmyndabók Jónatans Grétarssonar.*

**fólk 30**



## Stelpurnar í stuði

*Stelpurnar okkar hituðu upp fyrir Noregsleikinn með því að fara í strandblak.*

**sport 24**

## veðrið í dag




**ÉL SYÐRA** Í dag verða víða austan 8-13 m/s en hægari norðaustantil. Víða él einkum syðra. Frost 2-14 stig, kaldast inn til landsins.

**VEÐUR 4**

# Átaks er þörf í yndislestri

**Könnun leiðir í ljós að kennarar og foreldrar bera nær alla ábyrgð á að hvetja börn til að lesa sér til ánægju. Lektor segir að samfélagslegs átaks sé þörf. Ráðherra segir hugmyndir uppi um hvatningarátak.**

**MENNTAMÁL** Samfélagslegt átak þarf til að hvetja frekar til yndislesturs. Þetta segir Guðmundur Engilbertsson, lektor við háskólann á Akureyri og sérfræðingur á Miðstöð skólaþróunar, í tilefni af nýrri fjölþjóðlegri könnun um lestrarvenjur. Þar kemur meðal annars fram að íslenskir kennarar eru þeirrar skoðunar að þeir sjálfir og foreldrar beri langmesta ábyrgð á því að hvetja grunnskólanemendur til að lesa sér til ánægju. Í hinum löndunum sem könnunin tekur til, Tyrklandi, Spáni og Englandi, er hins vegar umtalsvert meiri áhersla á að systkinum, fjölmiðlum, vinum og bekkjarfélögum beri að hvetja til slíks.

„Í hinum löndunum koma fleiri að, svo sem fjölmiðlar, vinir og aðrir fjölskyldumeðlimir," segir Guðmundur. „Þar eru fleiri sem leggjast á árar, þó að skólinn gegni enn lykilhlutverki. Ég veit að mun meiri áhersla er lögð á þetta í grunnskólum hér að undanförnu þar sem meiri áhersla hefur verið lögð á yndislestur. Ef skólarnir fá fleiri með sér mun þetta hafast með tímanum. Við Íslendingar viljum enda vera bókmenntaþjóð og efla læsi."

> Við Íslendingar viljum enda vera bókmenntaþjóð og efla læsi.
>
> GUÐMUNDUR ENGILBERTSSON LEKTOR

Guðmundur segir mikilvægt að almenningur átti sig á því hvað lestur getur verið gefandi.

„Það er svo margt annað sem fæst með lestrinum en bara að lesa og verða fær lesari. Við fáum lífsfyllingu og ánægju sem gerir okkur stærri í öllu samhengi. Við lærum um heiminn og verðum fróðari og víðsýnni og það mun nýtast í öllum lærdómi."

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir starfshóp á vegum ráðuneytisins vera að skoða þessi mál sérstaklega.

„Meðal þess sem rætt er er almennt hvatningarátak til lestrar, því að það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Við munum skoða þessa hugmynd í samstarfi við aðila eins og bókaútgáfur og bókasöfn, því það þarf að hampa lestri til ánægju." **- þj**



**Í KLAKABÖNDUM** Öxarárfoss var tignarlegur á Þingvöllum í gær, þar sem frostið mældist 21 gráða. Gert er ráð fyrir áframhaldandi kulda um land allt í dag þar sem frost verður á bilinu 2 til 18 stig, kaldast í innsveitum á Norðurlandi en mildast syðst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Höfundur Gamlingjans:

## Undir áhrifum Íslendingasagna

**FÓLK** „Ég var fyrst og fremst glaður yfir því að einhver skyldi vilja gefa bókina út. Hitt hefur bara verið bónus," segir sænski rithöfundurinn Jonas Jonasson, höfundur Gamlingjans sem skreið út um gluggann og hvarf. Bókin hefur slegið í gegn hér á landi og hefur selst í tólf þúsund eintökum.



JONAS JONASSON

Jonasson kveðst vera afar hrifinn af Íslendingasögunum og Njála og Gunnlaugs saga ormstungu eru sérstakir áhrifavaldar. Þess vegna segist hann vera sérstaklega hrærður yfir viðtökunum hér á landi. „Það skiptir mig miklu máli að þjóð sem hefur lesið og skrifað bækur í jafn langan tíma og þið skuli kunna að meta hana."

Jonas bjó um tíma í Sviss en er fluttur aftur til Svíþjóðar, þar sem hann skildi við konu sína og hefur staðið í forræðisdeildu við hana. „Þetta hefur haft smá áhrif á skrif mín og næstu bók." **- fgg /** **sjá síðu 30**

Skilyrði fyrir lífi til staðar á plánetu í 600 ljósára fjarlægð samkvæmt NASA:

# Fundu plánetu sem minnir á jörðina

**VÍSINDI** Geimvísindamenn bandarísku geimvísindastofnunarinnar NASA telja sig nú í fyrsta skipti hafa fundið plánetu sem gæti uppfyllt öll skilyrði fyrir því að á henni gæti þrifist líf.

Plánetan hefur fengið nafnið Kepler 22-b og er nefnd eftir stjörnusjónaukanum Kepler sem gerði vísindamönnum kleift að finna hana, að því er segir á vef BBC. Ferðalög til Kepler 22-b eru þó ekki möguleg, enda er hún í um 600 ljósára fjarlægð frá jörðinni. Geimfar sem kæmist á ljóshraða yrði með öðrum orðum um 600 jarðár á leiðinni.

Kepler 22-b er um 2,4 sinnum stærri en jörðin og meðalhiti þar er talinn vera um 22 gráður. Plánetan er um 290 daga að fara einn hring í kringum stjörnuna sem hún hringsólar, sem er talin vera afar lík sólinni. Sá hængur er þó á að ekki er vitað hvort plánetan er að mestu úr föstu efni, vökva eða gasi.

Kepler 22-b er fyrsta plánetan sem NASA skilgreinir með þessum hætti en talið er að talsvert fleiri eigi eftir að bætast í hópinn á næstunni þegar rannsakaðar verða frekar ríflega þúsund líklega plánetur sem fundist hafa með Kepler-sjónaukanum til þessa. **- bj**










## SPURNING DAGSINS



*Orri, er allt á sömu bókina lært hjá ríkisstjórninni?*

„Já, það virðist vanta nokkrar blaðsíður í þetta fólk.“

Samtök iðnaðarins hafa höfðað dómsmál á hendur íslenska ríkinu vegna misræmis í skattlagningu á prentun hér og erlendis. Orri Hauksson er framkvæmdastjóri samtakanna.

Yfirheyrslum yfir Lárusi Welding og tveimur fyrrverandi starfsmönnum Glitnis lokið:

# Glitnismönnum sleppt úr haldi

**LÖGREGLUMÁL** Lárus Welding og tveir aðrir fyrrverandi starfsmenn Glitnis voru í gær látnir lausir úr gæsluvarðhaldi að loknum yfirheyrslum hjá embætti sérstaks saksóknara.

Þeir Jóhannes Baldursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri á markaðsviðskiptasviði, og Ingi Rafnar Júlíusson, sem starfaði á verðbréfasviði bankans, voru ásamt Lárusi handteknir í aðgerðum sérstaks saksóknara í síðustu viku.

Þremenningarnir voru úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald síðastliðinn miðvikudag. Að loknum yfirheyrslum í gær þótti ekki ástæða til að halda mönnunum lengur í varðhaldi og voru þeir því látnir lausir.

Handtökurnar tengdust grun sérstaks saksóknara um markaðsmisnotkun og auðgunarbrot við viðskipti Glitnis fyrir bankahrunið haustið 2008. Sérstakur saksóknari krafðist gæsluvarðhalds yfir mönnunum á grundvelli rannsóknarhagsmuna, þar sem hann taldi þá geta spillt rannsókninni með því að ráðfæra sig hver við annan gengju þeir lausir. - bj



**Í VARÐHALD** Ingi Rafnar Júlíusson var leiddur fyrir dómara á miðvikudag og úrskurðaður í varðhald, en hann var látinn laus í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lögregla í umferðarátaki:

# Tveir ölvaðir undir stýri

**LÖGGÆSLA** Átta hundruð og sextíu ökumenn voru stöðvaðir víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu um helgina í sérstöku umferðareftirliti sem lögreglan heldur nú úti. Tveir ökumenn reyndust ölvaðir undir stýri og eiga þeir ökuleyfissviptingu yfir höfði sér. Fjórum til viðbótar var gert að hætta akstri sökum þess að þeir höfðu neytt áfengis en voru þó undir leyfilegum mörkum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu naut aðstoðar félaga sinna frá embætti ríkislögreglustjóra við eftirlitið. - jss

Fáir greiða skatt af tímaritum:

# Ráðherra vill breyta reglum

**EFNAHAGSMÁL** Afar fáir greiða virðisaukaskatt af blöðum og tímaritum sem send eru í áskrift frá útlöndum, og eru tekjur ríkisins af skattheimtunni hverfandi. Þeir sem kaupa blöð í áskrift eiga lögum samkvæmt að hafa frumkvæði að því að greiða skattinn.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Þetta kemur fram í svari Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi.

Fara þarf yfir reglugerð um greiðslu skatts af þessum blöðum og tímaritum með það að markmiði að meta hvort breytinga sé þörf á núverandi fyrirkomulagi, segir í svari fjármálaráðherra.

Alls greiddu sex skatt af innfluttum tímaritum á síðasta ári, samtals 11.724 krónur. - bj

Áttatíu bæir sjá ekki sjónvarp:

# Greiða skatt en fá ekki þjónustu

**FJARSKIPTI Útsendingar sjónvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins ná ekki til 80 afskekktra bæja í landinu, að því er fram kemur í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar, þingmanns Samfylkingarinnar á Alþingi.**

**Bæirnir 80 eru á svokölluðum skuggasvæðum fjarri alfaraleið, gjarnan í löngum og afskekktum dölum á strjálbýlum svæðum víðsvegar um landið. Þrátt fyrir að þeir sem búa á bæjunum geti ekki horft á sjónvarpsútsendingar Ríkisútvarpsins ber þeim engu að síður að greiða útvarpsgjald.** - bj

# Talinn hafa misnotað dóttur sína gróflega

**Maður á fertugsaldri situr í varðhaldi grunaður um gróft kynferðisofbeldi gegn ellefu ára dóttur sinni um nokkurra vikna skeið. Hún sagði skólasystrum sínum frá ofbeldinu. Maðurinn fór í felur þegar lögregla reyndi að hafa upp á honum.**

**DÓMSMÁL** Heimilisfaðir á fertugsaldri, situr nú í gæsluvarðhaldi og einangrun til laugardagsins 10. desember vegna gruns um að hann hafi beitt ellefu ára dóttur sína mjög grófu kynferðislegu ofbeldi. Hann hefur neitað sök, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Lögreglustjórinn á Akranesi lagði fram kröfuna um gæsluvarðhald yfir manninum. Hann kærði gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Vesturlands til Hæstaréttar sem staðfesti úrskurðinn í gær.

Það er lögreglan á Akranesi sem rannsakar ætluð kynferðisbrot mannsins gegn ellefu ára dóttur sinni. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur maðurinn unnið bæði hér og mikið erlendis. Talið er að misnotkunin hafi staðið yfir um nokkurra vikna skeið. Stúlkan greindi bekkjarsystrum sínum í skólanum frá því að faðir hennar hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi. Stúlkurnar sögðu foreldrum sínum frá því, sem aftur gerðu skólayfirvöldum grein fyrir málinu. Þau létu barnaverndaryfirvöld vita.

Stúlkan staðfesti fyrir dómi í síðustu viku frásögn sína um ofbeldið og telur lögreglan rökstuddan grun fyrir hendi um að faðir hennar hafi framið brot sem varðað geti fangelsi allt að tólf árum. Um sé að ræða grun um mjög grófa kynferðismisnotkun kærða, þó ekki samræði, gegn dóttur sinni.

Rannsókn málsins er mjög skammt á veg komin, að því er fram kemur í gæsluvarðhaldskröfu sýslumannsins á Akranesi. Eftir er að yfirheyra vitni og leita þeirra og telur lögregla að faðirinn geti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að afmá merki eftir brot eða hafa áhrif á vitni.

Þegar lögregla reyndi að hafa uppi á honum í síðustu viku faldi hann sig, á höfuðborgarsvæðinu að því er talið er, og kom lögmaður hans þeim skilaboðum til lögreglu að hann ætlaði ekki að gefa sig fram eða tala við lögreglu fyrr en daginn eftir og þá með lögmanni sínum.

Lögregla gerði lögmanninum grein fyrir því að lögreglan vildi fá manninn til viðtals strax vegna rannsóknar málsins og kynna honum framkomna kæru, þar sem gríðarlega miklu máli skipti að geta borið kæruefnið undir sakborning eins fljótt og unnt væri. Segir lögregla föðurinn þegar hafa torveldað rannsókn málsins með þessari háttsemi sinni. Hún er á frumstigi. jss@frettabladid.is




**AKRANES** Lögreglustjórinn á Akranesi stýrir rannsókn málsins, sem varðar meint kynferðislegt ofbeldi föður gegn ungri dóttur.

RLS svarar ríkisendurskoðun:

# Krefst þess enn að Sveinn víki

**STJÓRNSÝSLA Ríkislögreglustjóri sendi í gær ríkisendurskoðun upplýsingar um viðskipti embættisins við fyrirtækið RadíóRaf.**

**Í bréfi til ríkisendurskoðunar krefst Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri þess að Sveinn Arason ríkisendurskoðandi víki sæti við afgreiðslu málsins. Telur Haraldur Svein vanhæfan vegna fullyrðinga um að ríkislögreglustjóri hafi brotið lög.**



HARALDUR JOHANNESSEN

**Viðskipti ríkislögreglustjóra við RadíóRaf námu samtals 165,5 milljónum króna á tímabilinu frá janúar 2007 til september 2011. Fyrirtækið selur meðal annars radar sem lögregla notar við hraðamælingar.** - bj

## REYKJAVÍK

### Kirkjugarðar fjölsóttir

Yfir 90 prósent Íslendinga heimsækja kirkjugarða oftar en einu sinni á ári. Tæp níu prósent segjast aldrei fara. Þetta kemur fram í könnun sem gerð var fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis árið 2004 og greint er frá í nýju fréttabréfi þeirra.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fullur ók í snjóskafl

Tveir ungir karlmenn voru handteknir í Hveragerði um helgina vegna ölvunaraksturs. Eigandi bifreiðar hafði misst stjórn á henni og hafnaði hún í snjóskafli þar sem hún festist. Félagi hans sat undir stýri að reyna sig við að losa bifreiðina úr skaflinum þegar lögreglu bar að.






Alþjóðleg ráðstefna um framtíð Afganistans haldin í Þýskalandi:

# Fjarvera Pakistans vekur athygli

**ÞÝSKALAND, AP** Fjarvera fulltrúa frá Pakistan setti svip sinn á alþjóðlega ráðstefnu um framtíð Afganistans, sem haldin var í Þýskalandi í gær.

„Það er óheppilegt að þeir tóku ekki þátt,“ sagði Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. „Ég reikna með að Pakistanar muni taka þátt í framhaldinu og við reiknum með að þeir gegni uppbyggilegu hlutverki.“

Í viðtali við fréttastofuna AP segir Yousouf Raza Gilani, forseti Pakistans, að reynt sé að leita leiða til að bæta samskiptin við Bandaríkin, sem hafa verið mjög stirð undanfarið.

„Við erum staðráðin í að ná sáttum þrátt fyrir að hafa ekki mætt til ráðstefnunnar,“ sagði Gilani.

Það var árás bandaríska hersins á landamærastöð í Pakistan fyrir nokkrum vikum, þar sem á þriðja tug pakistanskra hermanna lét lífið, sem varð til þess að samskipti ríkjanna versnuðu um allan helming.

Ráðstefnan í Þýskalandi er haldin í tilefni þess að um næstu áramót fer Bandaríkjaher alfarinn frá Afganistan, áratug eftir að stríðið þar hófst.

Bandaríkin og Þýskaland höfðu vonast til þess að á ráðstefnunni mætti sýna fram á þann árangur sem náðst hefði í viðræðum við talibanahreyfinguna um frið. Þess í stað snerist hún upp í áminningu um að enn eru mörg erfiðustu deilumálin óleyst. - gb



**HAMID KARZAI** Forseti Afganistans mætir til kvöldverðar í tengslum við ráðstefnuna í Bonn. NORDICPHOTOS/AFP




*Greiðslugjald 325 kr. bætist við mán. gjald

## GENGIÐ 05.11.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,32 | 118,88 |
| Sterlingspund | 185,07 | 185,97 |
| Evra | 159,12 | 160,02 |
| Dönsk króna | 21,396 | 21,522 |
| Norsk króna | 20,535 | 20,655 |
| Sænsk króna | 17,566 | 17,668 |
| Japanskt jen | 1,5163 | 1,5251 |
| SDR | 184,22 | 185,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

215,8473

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglu tilkynnt um alls 323 kynferðisbrot á síðasta ári samkvæmt nýrri afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra:

# Þrefalt fleiri vændismál en í meðalári

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglu var tilkynnt um 323 kynferðisbrot á síðasta ári, sem er svipaður fjöldi brota og tilkynnt hefur verið um að meðaltali síðustu ár. Fjöldi vændismála var þrefalt meiri en meðaltalið.

Alls komu 37 vændismál á borð lögreglu árið 2010. Að meðaltali komu á hverju ári ellefu vændismál til kasta lögreglu á árabilinu 2007 til 2009. Þetta kemur fram í skýrslu um afbrotatölfræði árið 2010 frá ríkislögreglustjóra.

Kynferðisbrot gegn börnum voru umtalsvert færri á síðasta ári en árin á undan. Tilkynnt var um 97 brot gegn börnum, samanborið við 134 í meðalári. Tilkynnt var um 98 nauðganir í fyrra, sem er svipaður fjöldi og í meðalári.

Tvö manndráp voru framin á árinu 2010, en frá árinu 1998 til ársloka 2010 voru 23 manndráp framin hér á landi, eða að meðaltali 1,8 á ári.

Alls komu 235 tilvik þar sem fíkniefni voru framleidd til kasta lögreglu í fyrra. Það er um 185 prósenta aukning miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan, sem eru um 82 brot á ári. - bj




Upplýsingaöflun hætt:

## Áfengisneysla nær tvöfaldast

**ALÞINGI** Áfengisneysla Íslendinga hefur aukist um 75 prósent á árabilinu 1980 til 2007. Á árinu 1980 var heildaráfengisneysla á mann, 15 ára og eldri, 4,3 lítrar af hreinu alkóhóli, en sú tala var komin í 7,53 lítra árið 2007. Þetta kom fram í svari velferðarráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur á Alþingi.

Þar kemur einnig fram að einungis eru til upplýsingar um áfengissölu hjá Hagstofu Íslands til ársloka 2007. Ákveðið var að hætta söfnun slíkra upplýsinga vegna niðurskurðar á útgjöldum til hagsýslumála. Velferðarráðherra hefur óskað upplýsinga um umfang slíkrar upplýsingaöflunar og mun í kjölfarið meta hvort hennar er þörf. - kóp

Fjórir ungir menn dæmdir:

## Fullir stálu bíl og veltu honum

**DÓMSMÁL Þrír tvítugir menn og einn rúmlega tvítugur hafa verið dæmdir fyrir að stela bíl og tveir þeirra óku honum síðan undir áhrifum áfengis.**

**Mennirnir voru að skemmta sér undir morgun heima hjá félaga sínum. Þaðan fóru þeir í leyfisleysi á bíl föður hans. Ökuferðinni lauk með því að einn mannanna velti bílnum, sem hafnaði utan vegar og reyndist vera ónýtur.**

**Mennirnir voru allir dæmdir í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi og til að greiða bíleigandanum rúm 120 þúsund.**

**Þeir tveir sem sáu um aksturinn voru að auki dæmdir til að greiða um 160 þúsunda króna sekt hvor í ríkissjóð.** - jss

# Vilja setja milljarð í heilbrigðiskerfið

**Fjárlaganefnd hefur gert tillögur um 4,5 milljarða aukin útgjöld við fjárlagafrumvarpið. Tekjur ríkisins aukast um 1,5 milljarða. Nær milljarður verður settur aukalega í heilbrigðiskerfið. Deilur um aukin framlög til FME.**

**ALÞINGI** Fjárlaganefnd gerir enn frekari breytingatillögur við fjárlagafrumvarpið, en það verður tekið til þriðju og síðustu umræðu í dag. Nefndin leggur á ný til frekari útgjöld til heilbrigðismála, en svo var einnig eftir aðra umræðu. Alls leggur nefndin til að 941,1 milljón króna verði aukið við þann málaflokk frá því sem var að finna í frumvarpi fjármálaráðherra.

Nokkrar deilur voru innan meirihlutans um lokaútfærslu meirihlutaálitsins. Fyrst og fremst var deilt um tvö mál; fangelsi á Hólmsheiði og aukin framlög til Fjármálaeftirlitsins. Meirihlutinn gerir tillögu um að 150 milljónir verði settar í útboð á hönnun nýs fangelsis á Hólmsheiði, en það samræmist tillögu innanríkisráðherra. Að auki verða settar 55 milljónir króna í endurbætur á fangelsunum á Litla-Hrauni og Skólavörðustíg og Kvennafangelsinu í Kópavogi. Langstærstur hlutinn, 50 milljónir, fer á Litla-Hraun.

Stjórnarflokkarnir deildu einnig um framlög til Fjármálaeftirlitsins (FME). Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lagði Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, ríka áherslu að þær heimildir yrðu auknar um 650 milljónir króna. Um það náðist ekki sátt í nefndinni og voru heimildirnar teknar út úr frumvarpinu á milli umræðna. Lendingin varð að setja 548 milljónir í FME. Stofnunin rukkar fjármálastofnanir í landinu um þá upphæð en hafa ber í huga að þær eru flestar í eigu ríkissjóðs.

Heimildir Fréttablaðsins herma að innan þingflokks Vinstri grænna þyki umfang FME hafa aukist nokkuð mikið. Fjárframlag til stofnunarinnar hefur þrefaldast á sama tíma og bankakerfið á landinu hefur minnkað mikið. Ekki eru allir innan Samfylkingarinnar heldur sáttir við þá aukningu, í miðjum niðurskurði.

Samanlagt nema breytingartillögur meirihluta fjárlaganefndar 4,5 milljarða króna útgjaldaaukningu. Á móti aukast tekjurnar um 1,5 milljarða, svo að raunaukning útgjalda nemur 3 milljörðum króna. Nefndin bætir enn í útgjöld til Landspítalans um 50 milljónir og hefur því lagt til 190 milljóna króna aukningu frá frumvarpinu. Þá hefur verið aukið í pott velferðarráðherra til að grípa inn í vanda einstakra heilbrigðisstofnana og 77 milljónum aukið við þær 24 sem þar voru fyrir.

kolbeinn@frettabladid.is



**FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ** Ekki var sátt í fjárlaganefnd um aukin útgjöld til Fjármálaeftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Heilbrigðismálin

**Aukning frá annarri umræðu***

| | |
|---|---|
| FSA | 5 |
| Landspítalinn | 50 |
| Heilbrigðisstofnanir | 77** |
| Sjúkraflutningar | 150 |

*í milljörðum króna

**pottur ráðherra til að bregðast við áföllum



**HELLA** Lokun heilsugæslunnar veldur ólgu.

Sveitarstjórnir mótmæla:

## Heilsugæsla sé áfram á Hellu

**HEILBRIGÐISMÁL Sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps mótmæla harðlega að loka eigi Heilsugæslustöðinni á Hellu eins Heilbrigðisstofnun Suðurlands boðar. Stöðin þjóni hátt í tvö þúsund íbúum á stóru svæði og fólki í hátt í fimm hundruð sumarhúsum auk fjölda ferðamanna. Að auki sé stjórnstöð Almannavarna og fjöldahjálparstöð á Hellu. Sveitarstjórnirnar fullyrða að hvorki séu lögð fram fagleg né fjárhagsleg rök í málinu. „Þessar hugmyndir eru mikið áfall fyrir íbúa og skjólstæðinga þjónustunnar og gengur þvert á stefnu ríkisvaldsins um uppbyggingu heilsugæslu á landsbyggðinni.“** - gar

Vopnafjörður selur hlutabréf:

## Seldu hlut sinn í HB Granda

**VIÐSKIPTI** Vopnafjarðarhreppur hefur selt hlut sinn í útgerðarfyrirtækinu HB Granda fyrir tæplega hálfan milljarð króna. Sveitarstjóri hreppsins segir söluna styrkja fjárhag sveitarfélagsins verulega.

Samkvæmt fundargerð Vopnafjarðarhrepps var það verðbréfafyrirtækið Virðing sem nálgaðist hreppinn með sölu á bréfunum í huga. Ekki liggja enn fyrir upplýsingar um hver keypti bréfin en það mun vafalítið skýrast í vikunni þegar nýr listi yfir tuttugu stærstu hluthafa verður birtur í Kauphöll Íslands. - mh



Gjafabréf

Gefðu skemmtilega jólagjöf!

Gjafabréf Endurmenntunarskóla Tækniskólans hentar fólki á öllum aldri. Gjafabréfið getur hljóðað upp á ákveðið námskeið eða upphæð að eigin vali.

Fjölbreytt úrval námskeiða er í boði svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi: www.tskoli.is/namskeid

Tækniskólinn skóli atvinnulífsins

endurmenntun@tskoli.is | sími 514 9602

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ÁFRAM ÍSKALT**
Litlar breytingar í veðrinu næstu daga og verður áfram ískalt í veðri. Í dag verður éljagangur um sunnanvert landið og eystra á morgun ená fimmtudag má búast við nokkrum snjókornum við ströndina.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 8° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 14° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 1° |
| París | 8° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17
sunnudag
12–17

# SJÁÐU JÓLIN

## Í NÝJU SJÓNVARPI Á TILBOÐI




**Verð áður:**
**169.995**

**Tilboð:**
**99.995**

**ÞÚ SPARAR**
**70.000**

### 40" Toshiba Full HD LCD

Mjög gott 40" Full HD LCD sjónvarp frá Toshiba. Stafrænn móttakari DVB-T. 2 HDMI-tengi og USB-tengi sem spilar DivX HD.

40LV833DG



TOSHIBA

### 42" LG LED PLUS 100HZ FHD C3D

CINEMA 3D
LED
LG Smart TV




**Verð áður:**
**349.995**

**Tilboð:**
**269.995**

**ÞÚ SPARAR**
**80.000**

42LW550W

Glæsilegt Cinema 3D LED SmartTV sjónvarp frá LG. Full HD 1920x1080p með TruMotion 100Hz. DivX HD-afspilun. Fjögur HDMI-tengi

LG

### 50" LG Plasma 600Hz FHD DivxHD




**Verð áður:**
**269.995**

**Tilboð:**
**209.995**

**ÞÚ SPARAR**
**60.000**

50PV350N

50" Full HD 1920x1080 600 Hz plasma sjónvarp. Tvö HDMI-tengi og DivX HD stuðningur á USB.

LG



Full búð af frábærum tilboðum

### 42" LG LCD FHD DivX HD




**Verð áður:**
**149.995**

**Tilboð:**
**129.995**

**ÞÚ SPARAR**
**20.000**

42LK450N

Full HD LCD-sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn. USB 2.0 DivX HD. Infinite 3D surround (2x10W) hljóðkerfi.

LG

### 42" LG Edge LED 100Hz FHD




**Verð áður:**
**209.995**

**Tilboð:**
**189.995**

**ÞÚ SPARAR**
**20.000**

42LV450N

Full HD LED sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn. TruMotion 100Hz. USB 2.0 með DivX HD-stuðningi.

LG

**0%**
**VAXTALAUS LÁN Á VÖLDUM VÖRUM**

Kíktu til okkar í græjukaffi



**Spjallaðu við starfsmenn okkar til að fræðast meira um þessi frábæru greiðslukjör.**

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 113353

**KJÖRKASSINN**



*Er gæludýr á heimilinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 44,5% |
| Nei | 55,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fylgist þú með gengi íslenska kvennalandsliðsins í handbolta á heimsmeistaramótinu í Brasilíu?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Fordæmalausar aðstæður vekja upp spurningar hjá embætti Ríkissaksóknara:

# Skoða málið aftur eftir andlát Ólafs

**DÓMSMÁL** Embætti Ríkissaksóknara mun skoða hvort tilefni sé til að ákæra Þorvarð Davíð Ólafsson á nýjan leik fyrir að verða föður sínum, tónlistarmanninum Ólafi Þórðarsyni, að bana. Þorvarður hlaut fjórtán ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps í apríl en faðir hans náði sér aldrei af áverkunum sem hann hlaut í árásinni og lést nú um helgina.

„Við munum skoða þetta og fara yfir hvort það sé réttlætanlegt, og jafnvel yfir höfuð mögulegt, að fara af stað með þetta aftur,“ segir Hulda Elsa Björgvinsdóttir hjá Ríkissaksóknara. Málið sé í raun fordæmalaust og því blasi ekki við hvaða leið skuli farin.

Hún bendir hins vegar á Þorvarður Davíð hafi hlotið fjórtán ára fangelsisdóm, sem eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er þyngsti dómur sem fallið hefur á Íslandi í seinni tíð fyrir annað en manndráp.

Atlagan var sérstaklega hrottafengin. Þorvarður lét spörk dynja á höfði Ólafs þar sem það lá uppi við steyptan arin, traðkaði og hoppaði á höfði hans og linnti ekki látum fyrr en hann rann til í blóði.

**- sh**



**LÁTINN** Ólafur Þórðarson komst aldrei til meðvitundar eftir árásina og lést nú um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rætt um makrílveiðar:

# Viðræður halda áfram á Írlandi

**SJÁVARÚTVEGUR** Samningalota milli Íslands, Færeyja, Noregs, Rússlands og ESB-ríkjanna um stjórn makrílveiða í Norður-Atlantshafi hefst á Írlandi í dag og stendur fram á föstudag.

Fulltrúar ríkjanna höfðu áður fundað í London í september og október.

Tómas H. Heiðar, aðalsamningamaður Íslands, segir í samtali við Fréttablaðið að ríkin freisti þess að ná samkomulagi um skiptingu makrílkvóta á næsta ári og komandi.

**- þj**




„Stórkostleg tækni – spilamennskan dásemd.“
The Guardian

„Volodos er einstakur meðal núlifandi píanista og það er stórviðburður að fá hann á Listahátíð 2012.“
Víkingur Heiðar Ólafsson, píanóleikari

Stórviðburður í íslensku tónlistarlífi

ARCADI VOLODOS

Einleikstónleikar píanósnillingsins á Listahátíð 20. maí í Hörpu, Eldborg

MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 12 | HARPA.IS | 528 5050

Tónleikar Volodos eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Hörpu




Listahátíð í Reykjavík
Reykjavík Arts Festival

HARPA

Lækjargata 3 | 101 Reykjavík | 561 2444 | www.listahatid.is




**GYLFI OG STEINGRÍMUR** „Ég skil ekki svona samanburð,“ segir Gylfi um rök stjórnvalda. „Ég held að menn ættu að spara stóru orðin í bili og ræða þetta frekar,“ segir Steingrímur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sakar stjórnvöld um svik og hótar riftun

**Forseti ASÍ segir koma til greina að segja upp kjarasamningum frá því í vor ef ríkisstjórnin hætti ekki við að skerða bótahækkanir. Hann segir trúnaðarbrest geta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir samningaviðræður framtíðarinnar.**

**KJARAMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir augljóst að ríkisstjórnin hafi svikið gerða kjarasamninga frá því í vor. Hann segir koma til greina að segja upp samningunum við endurskoðun þeirra í janúar næstkomandi.

„Það er ljóst að ríkisstjórnin brýtur eitt af meginmarkmiðum þessa samnings, jöfnun lífeyrisréttinda, sem við kynntum þessa samninga sérstaklega út á,“ segir Gylfi.

Í tilkynningu frá ASÍ segir að áform ríkisstjórnarinnar um að skerða hækkun bóta almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga brjóti gegn samningnunum, sem og álögur á lífeyrissjóðina til að fjármagna umboðsmann skuldara, sérstakar vaxtabætur og almenna skattlagningu á launakostnað lífeyrissjóðanna.

Hækkun bóta tekur samkvæmt fjárlagafrumvarpinu mið af samningum sem ASÍ gerði við milli- og hátekjuhópa um 3,5 prósenta hækkun en Gylfi segir augljóst að þær ættu að miðast við ellefu þúsunda króna hækkun lágmarkstaxta.

„Því er haldið fram að lágtekjuhóparnir hjá ríkinu, öryrkjar og gamalmenni, eigi eitthvað sameiginlegt með hátekjuhópi á vinnumarkaði. Að þeir eigi bara að fá 5.500 krónur af því að hátekjuhóparnir hjá ASÍ fá kannski fimmtán eða tuttugu þúsund af því að þeir eru á svo háu kaupi. Menn verða bara að fyrirgefa mér en ég skil ekki svona samanburð,“ segir Gylfi.

> Ég held að menn ættu að spara stóru orðin í bili og ræða þetta frekar.
>
> **STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Hann segir að málið geti haft mikil áhrif á framtíðarviðræður ASÍ við stjórnvöld. „Svona trúnaðarbrestur getur auðvitað haft alvarleg áhrif. Ef við getum ekki treyst því að ríkisstjórn standi við það sem hún lofar – hvernig í veröldinni eigum við að geta samið við hana?“

Endurskoðun kjarasamninga þarf að vera lokið fyrir klukkan fjögur hinn 20. janúar og segir Gylfi að fljótlega eftir áramót muni samninganefnd ASÍ halda til viðræðna við aðildarfélög um land allt.

Hann áréttar að ASÍ sé reiðubúið til viðræðna við stjórnvöld um einhvers konar málamiðlun. Slíkur fundur var haldinn á föstudag en var árangurslaus.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hvetur forystu ASÍ til að horfa á heildarmyndina og skoða það sem hafi verið gert í sumar og það sem áður hafi verið gert. „Eins það sem kemur út á hinum endanum í gegnum skattkerfisbreytingar og samspil við velferðarmálin, sem við erum að reyna að hlífa eins og við getum,“ segir Steingrímur.

„Ég held að menn ættu að spara stóru orðin í bili og ræða þetta frekar. Ekki erum við að slíta neinum samskiptum við þá og erum alltaf opin fyrir viðræðum. Þeir vita vel hvaða aðstæður er við að glíma.”

Steingrímur segist hins vegar ekki ætla að hafa áhrif á forystu ASÍ. „Þeir hljóta þá að fara inn í sitt bakland og afla fylgis við það að segja upp kjarasamningum ef það er stefna þeirra. Ég sé ekki ástæðu til þess, ef allrar sanngirni er gætt, en þeir hafa sína afstöðu til hlutanna og geta lagt fram sín rök.

En ég get þá spurt á móti sem fjármálaráðherra; ef ASÍ vill 2,5 til 3 milljarða og sveitarfélögin annað eins, eru þeir þá til í að styðja mig í því að afla tekna sem því nemur. Hvað leggja þeir til í þeim efnum? Hækkun á vaski? Það þarf tekur á móti ef ekki á að auka halla ríkissjóðs.

**stigur@frettabladid.is**

Fjármálaráðherra segir dreifingu efnahagsmála hafa fengið áfellisdóm:

# Stjórn efnahagsmála á einn stað

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra telur að yfirstjórn efnahagsmála eigi að vera samræmd á einum stað í stjórnkerfinu. Of mikil dreifing efnahagsmála hafi fengið áfellisdóm í hruninu.

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði Steingrím á þingi í gær hvort eitthvað væri hæft í þeim orðrómi að leggja ætti efnahags- og viðskiptaráðuneytið niður og koma verkefnum þess annars staðar fyrir. Steingrímur vildi ekki tjá sig beint um það og sagði umræðu síðustu daga hafa verið á villigötum og byggða á getgátum. Hann sagði menn þó eiga að draga lærdóm af sögunni.

„Það sem var gert í efnahagsmálum var að þau mál voru sameinuð á einn stað en höfðu áður legið hjá þremur ráðuneytum. Það fékk áfellisdóm í þeim skýrslum sem við fengum og hjá þeim ráðgjöfum sem hér störfuðu og ég er sammála því mati.

Eitt af því sem fór úrskeiðis var að dreifa efnahagsmálunum á þrjú ráðuneyti; forsætisráðuneytið með Seðlabankana, viðskiptaráðuneytið með sína hluti og fjármálaráðuneytið með sína,“ segir Steingrímur.

„Hvernig sem þessu verður fundinn staður í stjórnarráðinu til frambúðar á yfirstjórn efnahagsmála að vera samræmd á einum stað. Svo mikið vil ég segja.“

**- kóp**

# Jólagjöf sem hentar öllum




**Þegar þú notar Gjafakort Landsbankans** til jólagjafa verður jólagjöfin í ár einfalt mál. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hve mikið fé eiga landsmenn í séreignarsparnaði?*

2 *Hvað heitir flokkur Pútíns forseta Rússlands sem tapaði miklu fylgi í þingkosningum um helgina?*

3 *Hversu mörg mörk hefur Heiðar Helguson skorað í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu?*

**SVÖR:**

*1. 330 milljarða króna. 2. Sameinað Rússland. 3. 6.*

Ný reglugerð lítur dagsins ljós í kjölfar margra ára vinnu innan Evrópusambandsins:

# Bylting í merkingu á matvælum

**HEILBRIGÐISMÁL** Miklar breytingar eru í vændum á reglum um merkingar matvæla. Reglugerð þar að lútandi verður tekin upp hér á landi á næstu misserum og mun þá koma í stað núverandi reglna um merkingu matvæla, merkingu næringargildis og þess háttar, samkvæmt upplýsingum Matvælastofnunar.

Reglugerðin sem um ræðir er til komin í kjölfar margra ára vinnu innan Evrópusambandsins við endurskoðun reglna um merkingar á matvælum. Afrakstur þeirrar vinnu er umrædd reglugerð sem nefnist „Food information to consumers“ eða „Upplýsingar um matvæli til neytenda“. Markmið hennar er að auðvelda neytendum að taka upplýsta ákvörðun við fæðuval með því að tryggja að mikilvægar upplýsingar sem tengjast heilnæmi, öryggi og innihaldi matvara birtist á viðunandi hátt á umbúðum og víðar.

Í nýju reglunum er lögð áhersla á skýrari upplýsingar fyrir neytendur. Þar má nefna áherslu á áberandi merkingu ofnæmisvalda í innihaldslýsingu. Lögð er áhersla á að neytendur hafi ítarlegri upplýsingar en nú til að velja matvæli sem þeim henta. Til dæmis verður skylt að merkja næringargildi flestra pakkaðra matvæla. Með breytingunum verður erfiðara að villa um fyrir neytendum um innihald og samsetningu matvæla. **- jss**



**MATVÆLI** Með tilkomu nýju reglugerðarinnar verður erfiðara að villa um fyrir neytendum.




Vilja nýjan samning um ESB með öllum ríkjunum eða evruríkjunum sautján:

# Ætla nú að vinna upp vanræksluna

**FRAKKLAND** Angela Merkel Þýskalandskanslari og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti segjast nú loksins ætla að vinna upp allt það, sem vanrækt hefur verið í baráttunni við skuldavanda evruríkjanna.

Þau hittust í Frakklandi í gær þar sem þau kynntu hugmyndir sínar, sem lagðar verða fyrir leiðtogafund Evrópusambandsins í Brussel síðar í vikunni.

Þau Merkel og Sarkozy vilja breyta stofnsáttmála Evrópusambandsins, þannig að settar verði strangar reglur um ríkisfjármál með sjálfvirku refsiákvæði.

Evrópudómstóllinn fær úrskurðarvald um það hvort fjárlög einstakra ríkja brjóti í bága við þessar reglur en hann getur þó ekki ákveðið að ógilda fjárlög einstakra ríkja.

Refsiákvæðin eiga að taka gildi nema aukinn meirihluti, sem er 85 prósent, samþykki annað.

„Við viljum tryggja að ójafnvægið, sem leiddi til þess ástands sem nú er uppi á evrusvæðinu, geti ekki endurtekið sig,“ sagði Sarkozy. „Ef það gengur ekki með aðildarríkjunum 27 eru Þýskaland og Frakkland ákveðin í því að fara þessa leið með evruríkjunum sautján,“ sagði Merkel.

Þau vilja hraða stækkun neyðarsjóðs evrusvæðisins og leggja til að leiðtogar allra evruríkjanna hittist mánaðarlega til að ræða fjármál og efnahagsástand svæðisins.

„Þessi pakki sýnir að við erum staðráðin í að halda fast í stöðugleika evrunnar og hið mikilvæga framlag hennar til stöðugleika Evrópuríkjanna,“ sagði Merkel. **- gb**



**ANGELA MERKEL OG NICOLAS SARKOZY** Kanslari Þýskalands og forseti Frakklands hittust í París í gær til að útfæra hugmyndir sínar um nýtt fjárlagabandalag.
NORDICPHOTOS/AFP



NOKIA

# N9




# ENDALAUSIR
# MÖGULEIKAR

- 3.9 tommu skjár
- Allt að 64GB minni
- 1GHz örgjörvi, 1GB vinnsluminni
- 8MP myndavél með Carl Zeiss linsu
- Nokia Maps
- NFC Stuðningur



Nokia N9 fer alveg nýjar leiðir í hönnun og hugmyndafræði, sem skilar sér í framúrskarandi hraða og vinnslugetu. Einfaldleiki í notkun og fágað útlit einkenna N9 og hann býr yfir öllu því besta sem Nokia býður upp á, til dæmis Nokia Maps og Nokia Messaging tölvupóstlausninni.

Nokia N9 fékk hæstu einkunn fyrir hönnun hjá samtökum fagtímarita um farsíma bæði í Danmörku og Svíþjóð, þar sem N9 var valinn sími ársins!

Prófaðu eitthvað nýtt og öðruvísi. Prófaðu Nokia N9.

VINNARE AV Guld MOBILEN 2011 mobil Business

Vinder Mobil Awards Bedste design 2011 Magasinet mobil

NOKIA



**KOLAFLUTNINGAR Á REIÐHJÓLI** Hann þurfti að ýta hjólinu sínu upp brekku, þessi sölumaður sem flytur viðarkol í sekkjum á markað í Austur-Kongó. NORDICPHOTOS/AFP

Fjórir ákærðir fyrir ræktun:

## Með fíkniefni á stofuborðinu

**DÓMSMÁL** Lögreglan hefur ákært fjóra karlmenn um tvítugt fyrir ræktun á kannabisplöntum.

Mönnunum er gefið að sök að hafa staðið að ræktun á 48 kannabisplöntum sem lögregla fann við leit í húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Þá er einn mannanna ákærður fyrir fíknefnalagabrot með því að hafa jafnframt haft í vörslu sinni 0,48 grömm af maríjúana sem lögregla fann við leit á stofuborði í sama húsnæði. **- jss**

**LÖGREGLUMÁL**

### Ók á litaðri dísilolíu

Lögreglumenn stöðvuðu ökumann jeppabifreiðar sem var á ferð um Gaulverjabæjarveg um helgina. Sýni var tekið úr eldsneytistanki jeppans og reyndist vera um litaða olíu að ræða.

# Pútín og Medvedev tapa

**Þrátt fyrir gallaðar kosningar missti Sameinað Rússland mikið fylgi og situr nú uppi með afar nauman meirihluta. Flokkur Pútíns og Medvedevs hefur ekki lengur þingstyrk til að breyta stjórnarskrá að vild.**

**RÚSSLAND** Þeir Vladimír Pútin forsætisráðherra og Dmitrí Medvedev forseti biðu verulegan hnekki í þingkosningum í Rússlandi á sunnudag þegar flokkur þeirra missti mikið fylgi.

Flokkur þeirra, Sameinað Rússland, fékk tæplega fimmtíu prósent atkvæða og náði naumum meirihluta, en hefur til þessa haft yfirburða stöðu á þingi – svo mikla yfirburði raunar að flokkurinn hefur getað breytt stjórnarskrá landsins að vild í krafti þess að vera með meira en tvo þriðju þingmanna.

Alþjóðlegir kosningaeftirlitsmenn fullyrða að ýmsu hafi verið ábótavant við framkvæmd kosninganna, bæði við talningu atkvæða en einnig fyrir kosningarnar því sumum flokkum var ekki leyft að skrá sig og svo var fjölmiðlaumfjöllun mjög einhliða, enda hafi flestir fjölmiðlar tekið afstöðu með stjórnarflokknum.

„Þessar kosningar voru eins og leikur þar sem aðeins sumir þátttakendur fá að fara inn á, og síðan er vellinum hagrætt í þágu eins leikandans,“ segir Heidi Tagliavini, yfirmaður kosningaeftirlits Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, sem fylgdist grannt með framkvæmd kosninganna. „En þótt valið hafi verið takmarkað og sanngirni hafi vantað, þá tókst kjósendum samt að koma fram og láta rödd sína heyrast.“

Þeir Pútín og Medvedev vonast til að geta skipt um embætti eftir forsetakosningar, sem haldnar verða í mars á næsta ári. Pútín ætlar að bjóða sig fram til forseta, eftir að hafa setið í eitt kjörtímabil til að uppfylla kröfur stjórnarskrár.




**DMITRÍ MEDVEDEV OG VLADIMÍR PÚTIN** Forseti og forsætisráðherra Rússlands eftir kosningarnar, sem urðu flokknum nokkuð dýrkeyptar í þetta sinn. NORDICPHOTOS/AFP

Medvedev réttlætti nýverið ákvörðun sína um að bjóða sig ekki fram gegn Pútín með því að Pútín njóti svo mikilla vinsælda meðal þjóðarinnar.

Flokkurinn þeirra hefur hins vegar sætt aukinni gagnrýni undanfarið, bæði fyrir spillingu og fyrir að hafa ekki tekist að koma efnahagslífi landsins á réttan kjöl. Þótt Pútín njóti enn persónulegra vinsælda er hann engu að síður formaður flokksins og varð meðal annars fyrir því að á hann var púað þegar hann hélt ræðu á íþróttaviðburði í Moskvu í síðasta mánuði.

gudsteinn@frettabladid.is

### Rússnesku flokkarnir

Sameinað Rússland, íhaldsflokkur núverandi stjórnvalda. Leiðtogi: Vladimír Pútín. Flokkurinn hlaut 64,3 prósent atkvæða í síðustu kosningum og var með 315 manns á þingi, en var kominn með 49,5 prósent og 238 þingmenn þegar 96 prósent atkvæða höfðu verið talin.

Kommúnistaflokkur Rússlands, arftaki Kommúnistaflokks Sovétríkjanna. Leiðtogi: Gennadí Sjúganov. Fékk 11,6 prósent síðast og var með 57 manns á þingi en bætti við sig fylgi og fékk 19,2 prósent atkvæða og 92 þingmenn núna.

Réttlátt Rússland, flokkur sósíaldemókrata. Leiðtogi: Nikolaí Levitsjev. Fékk 7,7 prósent síðast og 38 þingmenn en bætti við sig fylgi og fékk 13,2 prósent atkvæða og 64 þingmenn.

Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn, flokkur þjóðernissinnaðra íhaldsmanna. Leiðtogi: Vladimír Sjírinovskí. Hlaut síðast 8,1 prósent atkvæða og 40 þingmenn en bætti við sig fylgi og hlaut 11,7 prósent atkvæða og 56 þingmenn.

Þrír aðrir flokkar voru í framboði en náðu ekki manni á þing:

Jabloko, flokkur frjálslyndra miðjumanna. Leiðtogi: Sergei Mitrokin.

Föðurlandsvinir Rússlands, flokkur þjóðernissinnaðra vinstrimanna. Leiðtogi: Gennadí Semigin.

Réttur málstaður, flokkur frjálslyndra hægrimanna. Leiðtogi: Andrei Dúnajev.

Fræðslufundur í dag

**Almenningur og hlutabréfakaup - hvað ber að hafa í huga?**

Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, fjallar um hlutabréfakaup á mannamáli. Hlutabréfakaup eru áhættusöm fjárfesting og því er mikilvægt að kynna sér vel það sem þarf að hafa í huga.

Fundurinn er haldinn í Arion banka Borgartúni 19 og hefst kl. 17:30. Léttar veitingar í boði - **allir velkomnir**

**Skráning á arionbanki.is eða hjá þjónustuveri í síma 444 7000.**



Á fræðslufundinum verður farið yfir það sem ber að hafa í huga við kaup á hlutabréfum þar sem fjárfesting í þeim felur í sér áhættu. Ekki verður fjallað um einstök hlutafélög eða útboð á vegum bankans.

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki




Tilboð gilda til og með 11.12.11

# Alltaf pláss fyrir góða bók

## Ómissandi þáttur í jólahaldi bókaþjóðar

Skiptimiðinn

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lestur er lykill.

# Notum allar góðu barnabækurnar

Íslendingar eru bókaþjóð – því er að minnsta kosti haldið fram á tyllidögum. Árlega eru gefnir út mýmargir bókatitlar, ekki síst ef tillit er tekið til höfðatölunnar góðu. Barnabókaútgáfa er hér blómleg og þótt á þeim akri sé vissulega ekki allt jafngott má samt sem áður fullyrða að úrvalið af góðum og vönduðum barnabókum, íslenskum og þýddum, fyrir alla aldurshópa sé gott. Sala bóka á Íslandi er einnig með ágætum þannig að að óathuguðu máli mætti gera ráð fyrir að íslensk börn væru eins og fiskar í vatni þegar kemur að því að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Skammt er síðan birtar voru niðurstöður könnunar sem leiddi í ljós að um fjórðungur unglingsdrengja og tæplega tíu prósent jafnaldra stúlkna lesa sér ekki til gagns. Það kann að standa í einhverju samhengi við niðurstöður rannsóknar á notkun barnabókmennta í skólum og lestrarvenjum átta til ellefu ára barna á Íslandi og í þremur öðrum Evrópulöndum.

Þar kemur fram að íslenskar barnabækur eru ekki hluti af námskrá grunnskóla á sama hátt og tíðkast til dæmis í Bretlandi og á Spáni. Íslenskir kennarar virðast síður meta og nýta barnabókmenntir í kennslu en kennarar hinna landanna þar sem rannsóknin var gerð. Íslensk börn mynda sér einnig síður skoðanir á því sem þau lesa en börn í hinum löndunum þremur og skrifa sömuleiðis sjaldnar um það sem þau lesa.

Nú þegar jólabókaflóðið er í algleymingi og foreldrar og frændfólk huga að jólagjöfum handa erfingjum landsins er ágætt að velta fyrir sér gildi þess að börn lesi. Lestur og lesskilningur er lykilþáttur í öllu námi og einnig í gríðarstórum hluta þeirra starfa sem börnin eiga eftir að leggja fyrir sig í framtíðinni. Þá er ótalin sú gleði sem getur falist í því að gleyma sér með góðri bók. Það er því til mikils að vinna að laða börnin að bókum.

Það þarf þorp til að ala upp barn. Guðmundur Engilbertsson, lektor við Háskólann á Akureyri, bendir á í frétt hér í blaðinu að það sé ekki aðeins á ábyrgð skóla og foreldra að hvetja börn til lestrar, heldur alls samfélagsins. Á Spáni og í Englandi og Tyrklandi, sem rannsóknin náði einnig til, er mun meiri áhersla lögð á hlutverk systkina, fjölmiðla, vina og bekkjarfélaga þegar kemur að lestraruppeldi meðan íslenskir þátttakendur töldu ábyrgðina alfarið liggja hjá foreldrum og kennurum.

Það þarf samstillt átak til að hefja barnabókmenntir til meiri virðingar, ekki bara í skólum heldur í öllu samfélaginu. Það á að fjalla meira um barnabækur í fjölmiðlum, fullorðnir fyrir fullorðna, fullorðnir og börn fyrir börn. Foreldrar og aðrir sem umgangast og ala upp börn eiga ekki bara að lesa fyrir lítil börn heldur halda áfram að lesa barnabækurnar sem börnin eru farin að lesa sjálf og tala um þær við börnin. Í skólanum á að vera vettvangur fyrir börn að miðla hvert öðru af því sem þau lesa.

Í góðri barnabók er menningu barna miðlað með allt öðrum hætti en kostur gefst á í hefðbundnu námsefni. Öll börn ættu að eiga aðgang að þeim heimi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hinn ofsótti söfnuður

„Þér munuð öðlast kraft, er heilagur andi kemur yfir yður, og þér munuð verða vottar mínir í Jerúsalem og allri Júdeu, í Samaríu og allt til endimarka jarðarinnar." Svo segir í Postulasögu og er mælt við lærisveina Krists. Til þessara orða, og fleiri, horfðu píslarvottar löngum er þeir voru pyntaðir og líflátnir fyrir sakir trúar sinnar. Nú virðist ný alda píslarvættis runnin upp og mátti heyra hennar getið í orðum Höskuldar Þórhallssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, í gær. „Það hefur verið vegið að íslensku þjóðkirkjunni á skipulegan hátt í langan tíma," sagði þingmaðurinn og vildi að innanríkisráðherra kannaði málið, sérstaklega innan Háskóla Íslands.



### Hinn ríkisstyrkti söfnuður

Eitt skilur þó að píslarvotta frumkristninnar og Höskuld og félaga; nefnilega að þjóðkirkjan nýtur fjárútláta umfram aðra söfnuði. Á fjárlögum ársins 2012 er gert ráð fyrir að greiða 1,3 milljarða beint til þjóðkirkjunnar. Þá eru messur safnaðarins fluttar í ríkisreknu útvarpi og á ýmsan annan hátt nýtur söfnuðurinn betri stöðu en aðrir.



### Ég þekki mann sem þekkir mann

Umræðan um áhuga félags í eigu kínverska fjárfestisins Huangs Nubo á kaupum á Grímsstöðum á Fjöllum gerist æ skringilegri. Búið er að draga fram konu sem býr í Japan og þekkir því Kínverja og um helgina kom í ljós að Kanadamenn hafa áhyggjur af kaupunum, vegna herfræðilegrar stöðu. Vonandi mun ekki rísa herstöð á Hólsfjöllum, en það verður spennandi að sjá hver verður næst dreginn fram í umræðuna. Fóru Stuðmenn ekki til Kína um árið sem Strax? Þeir hljóta að vita eitthvað um málið.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Leyfið bönkunum að koma til mín

Fjármál

Ólafur Hauksson

almannatengill



Enn einu sinni hefur okkur atvinnurekendum hlotnast sá heiður að fá að hlaupa undir bagga með bönkunum. Hjá Íslandsbanka var 42 sagt upp störfum á einu bretti. Reikna má með að stór hluti þeirra þurfi á atvinnuleysisbótum að halda. Atvinnurekendur standa undir atvinnuleysisbótum með tryggingagjaldi á laun.

Því má með réttu segja að Íslandsbanki sé að velta byrðunum yfir á þá sem þó reyna að hafa fólk í vinnu.

Samtals hafa fjármálastofnanir losað sig við 2.000 starfsmenn frá hruni til að hámarka hagnað sinn. Íslandsbanki hagnaðist um 8 milljarða fyrstu sex mánuði ársins, Arion banki um 13,6 milljarða fyrstu níu mánuðina og Landsbankinn um 27 milljarða fyrstu níu mánuðina.

Eiginfjárhlutfall bankanna er gríðarlega sterkt og lausafjárstaðan svo góð að seðlarnir vella út um eyrun á gjaldkerunum. Arður hefur ekki verið greiddur út frá stofnun bankanna 2008 og hleðst bara upp.

Með öðrum orðum, bankarnir standa betur en flest ef ekki öll fyrirtæki í landinu. Samt finnst þeim Höskuldi Ólafssyni, Birnu Einarsdóttur og Steinþóri Pálssyni ekkert sjálfsagðara en reyna að kreista út aðeins meiri hagnað með því að vísa starfsfólki sínu á framfæri atvinnuleysistrygginga – á kostnað viðskiptavina sinna.

> Hvers vegna finnst bönkunum sjálfsagt að senda okkur hinum reikninginn? Mundi heimurinn farast ef bankarnir högnuðust aðeins minna?

Vissulega mátti fækka eitthvað í bönkunum eftir hrun. En hvers vegna þarf að ganga svona langt? Hvers vegna finnst bönkunum sjálfsagt að senda okkur hinum reikninginn? Mundi heimurinn farast ef bankarnir högnuðust aðeins minna?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Eru prófkjör besta leiðin?


Í DAG

Jónína Michaelsdóttir

Blaðamaður




Orðin lýðræði og þjóðin eru að verða hvers manns mantra í ólíklegustu málum. Ef menn vilja sýnast öðrum framsýnni og heiðarlegri, flagga þeir þessum orðum í tíma og ótíma. Það væri til dæmis ólýðræðislegt að setja saman framboðslista sem ekki hefði verið valinn af þjóðinni eftir vel auglýsta frambjóðendur.

Hins vegar er lýðræðislegt að allir fái að kjósa um hverjir fara á stjórnlagaþing, hverjir setjast á þing og hverjir verða borgarfulltrúar. Hver er svo niðurstaðan? Hún er sú að fólk kýs fólk með andlit sem það þekkir úr fjölmiðlum. Ekki endilega fjölmiðlafólkið sjálft þó að það sé líka með, heldur fólk með nafn og andlit sem menn kannast við þegar þeir skoða framboðslistana. Stjórnlaganefnd er gott dæmi um þetta, svo ágæt sem hún er.

## Val á frambjóðendum

Ef einhver legði til að frambjóðendur í næstu kosningum yrðu valdir af nefndum innan flokkanna yrði eflaust litið á það eins og gamaldags klíkufyrirkomulag. Menn myndu vísast velja vini sína, klíkubræður og klíkusystur. Tortryggnin yrði ofan á ef þetta yrði lagt til. En er úr háum söðli að detta?

Ég veit ekki hvernig þetta var áður í öðrum stjórnmálaflokkum, en í Sjálfstæðisflokknum var þetta á sínum tíma í höndum fimmtán manna fulltrúaráðs ef mig misminnir ekki. Það fóru fram skoðanakannanir í félögum og kjördæmum sem unnið var úr. Fyrrverandi formaður fulltrúaráðsins sagði mér að menn hefðu lagt metnað í að vera með fólk á öllum aldri og fólk sem þekkti vel stoðir samfélagsins, og menningarlíf. Í hverjum kosningum hefði verið skipt út einhverjum til að koma með nýtt blóð inn í hópinn. Ég er ekki frá því að þessi tilhögun yrði betri en það sem nú tíðkast. Hún yrði allavega ekki verri.

## Hverjum treystum við?

Ég hef áður minnt á Rögnu Árnadóttur sem dæmi um ráðherra sem var sóttur. Þetta var kona sem maður hafði aldrei séð og vissi ekki einu sinni að væri til. En hún var fagleg, yfirveguð, lét verkin tala og var nánast óumdeild. Óvíst er að hún hefði kært sig um að fara í framboð til Alþingis. Kannski eru fleiri Rögnur hér og þar sem myndu auka virðingu Alþingis með þekkingu sinni, vinnubrögðum og framkomu og sóma sér vel sem ráðherrar.

Er ekki farsælast fyrir blessað lýðræðið og þjóðina sem alltaf er verið að vitna í, að fulltrúar hennar á Alþingi sé fólk sem hún treystir, og að það sé fólk sem hefur þekkingu og skilning á atvinnulífi, heilbrigðismálum, sjávarútvegi, iðnaði, utanríkismálum, menningarmálum og íþróttum, en þurfi ekki að reiða sig á ráðgjafa að öllu leyti?

Er það virkilega svo að við treystum fólki fyrir lífi okkar og limum af því að við höfum séð það í sjónvarpi, í blöðum eða á netinu? Sé það svo, eigum við ekkert betra skilið.

# Varúð! – ég elska þig


Kynbundið ofbeldi

Sigþrúður Guðmundsdóttir

framkvæmdastýra Samtaka um kvennaatharf




Við konur erum aldar upp við ýmis konar leiðbeiningar um hegðun sem á að draga úr líkunum á því að karlar beiti okkur ofbeldi. Við eigum sérstaklega að passa okkur utandyra og á ókunnum stöðum, ekki vera einar á ferli eftir að skyggja tekur en heldur ekki þiggja fylgd ókunnugs manns. Við skulum forðast að klæða okkur á þann hátt að það gæti misskilist sem auglýsing eftir kynferðislegri athygli og kynlífi, ekki vera of drukknar innan um annað fólk, ekki kærulausar, ekki daðra við menn og gefa í skyn að við séum með kynlíf í huga ef við erum það ekki og alls ekki skipta um skoðun á því hvort við séum með kynlíf í huga hafi það verið raunin.

Með þessum ráðleggingum er sjálfsagt ekki meðvitað verið að segja okkur að beiti einhver okkur ofbeldi við einhverjar af ofangreindum aðstæðum getum við sjálfum okkur um kennt. Staðreyndin er samt sú að séum við beittar ofbeldi við einhverjar af ofangreindum aðstæðum kennum við okkur sjálfum um. Þannig er það bara, skömmin og sektarkenndin sem fylgja kynbundu ofbeldi sitja hjá brotaþolunum í stað sjálfsagðrar og réttlátrar reiði. Líka núna árið 2011 þegar við ættum að vera komin svo miklu lengra.

Nýleg íslensk rannsókn sýnir að 42% íslenskra kvenna hafa verið beitt líkamlegu ofbeldi og/eða kynferðisofbeldi einhvern tíma á fullorðinsárum. Þarna er andlegt ofbeldi undanskilið, sem og ofbeldi sem konurnar urðu fyrir í barnæsku. 42% kvenna á Íslandi eru á bilinu 44-49 þúsund konur, sem er í það minnsta jafn margar og allar fullorðnar konur í Reykjavík og álíka margar og allir íbúar Kópavogs, Seltjarnarness og Garðabæjar samanlagt. Það eru býsna margar manneskjur.

Sama rannsókn leiðir í ljós að rúmlega 22% svarenda höfðu verið beitt líkamlegu ofbeldi og/eða kynferðisofbeldi af maka sínum eða fyrrverandi maka. Það jafngildir 23-27 þúsund konum á Íslandi, sem er álíka fjöldi og allir íbúar Hafnarfjarðar, sem eru líka býsna margar manneskjur. Sem sagt; meira en helmingur kvenna sem höfðu verið beittar ofbeldi hafði upplifað það af hendi maka eða fyrrverandi maka og ofbeldið hefur líklega í flestum tilfellum átt sér stað heima hjá brotaþola, á venjulegu íslensku heimili en ekki í dimmu húsasundi eða subbulegu partíi.

Árlega koma 300-400 konur í Kvennaathvarfið og langflestar þeirra koma vegna ofbeldis af hendi maka eða fyrrverandi maka, kærasta, barnsföður eða annars nákomins. Sömu sögu segja þau sem leita til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis, þar er ofbeldismaðurinn í flestum tilfellum einhver nákominn. Ef við ætlum að halda áfram að setja ábyrgð á kynbundu ofbeldi yfir á brotaþola ættum við því að leggja minni áherslu á það að konur séu ekki að þvælast einar úti en meiri á það að konur séu ekki að þvælast heima hjá sér. Klifa á því að mesta hættan felist ekki endilega í því að ganga heim til sín á dimmu kvöldi heldur í því að koma heim og vera heima með manninum sínum.

Jafnframt ættum að hætta að vara konur við skyndikynnum og stefnumótum við ókunnuga menn en vara þær frekar við því að verða ástfangnar, að stofna til sambands við þann sem þær elska og ganga í hjónaband.

Þessar leiðbeiningar eru auðvitað bara bull og ef við ætlum að koma í veg fyrir ofbeldi verðum við að beina sjónum að þeim sem beita því. Við verðum að koma ábyrgðinni þangað sem hún á heima og skapa umræðu meðal mögulegra gerenda um afleiðingar ofbeldis. Jafnframt verður sú umræða að snúast um réttindi fólks til friðhelgi heima hjá sér og á almannafæri, sem og um rétt okkar allra til að taka ákvarðanir um eigið líf og ráða yfir eigin líkama og tilfinningum.

Jafnframt þarf að vekja athygli á þeirri aðstoð sem ofbeldismönnum sem vilja breyta hegðun sinni stendur til boða. Kynbundið ofbeldi er samfélagslegt vandamál sem kemur okkur öllum við og við verðum að vera meðvituð um mikilvægi þess að taka afstöðu gegn ofbeldi, standa með brotaþolum og koma til hjálpar þegar þess gerist þörf.


Gagnaver á Íslandi: Tækifæri til framtíðar

Málstofa í Háskólanum í Reykjavík, föstudaginn 9. desember kl. 9–11.

Landsvirkjun, í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, efnir til málstofu og pallborðsumræðna um framtíð gagnaversiðnaðar á Íslandi.

Gagnaversiðnaður á Íslandi: Möguleikar og markaðstækifæri
Halldór Sigurðsson, Jr. partner hjá McKinsey

Data Centers: Iceland's Game to Win or Lose
Isaac Kato, CFO hjá Verne Global

Gagnaversiðnaður á Íslandi: Framtíðarsýn og aðgerðaáætlun
Ríkarður Ríkarðsson, viðskiptastjóri hjá Landsvirkjun

Við pallborð sitja auk fyrirlesara:

Ómar Benediktsson, framkvæmdastjóri Farice

Þórður Hilmarsson, forstöðumaður Invest in Iceland

Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar

Helgi Þór Ingason, dósent við Háskólann í Reykjavík

Gestur Gestsson, forstjóri Skýrr

Fundarstjóri er Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Landsvirkjun.

Málstofan fer fram í stofu M209.

Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.

*Markmið opinna funda Landsvirkjunar er að stuðla að gagnsærri og faglegri umræðu um málefni tengd starfsemi fyrirtækisins.*

Háskólinn í Reykjavík – Reykjavik University

Landsvirkjun



Ford Transit sendibíll
Verð án vsk frá 3.577.690 kr.
Verð með vsk frá 4.490.000 kr.

Ford Transit
Standard heitur alla morgna

Stilltu klukkuna að kvöldi og þú byrjar daginn heitur að morgni. Tímastillanleg olíumiðstöð er staðalbúnaður í Transit. Vertu í hópi þeirra bestu. Kauptu Ford.

Ford
Nýtt tákn um gæði



Reglugerð Evrópusambandsins um hámarksútblástur gildir frá 01. 01. 2012.
Euro5
Með Euro 5 er sérstök áhersla lögð á að draga úr myndun koldíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda.

Fáanlegur fjórhjóladrifinn (AWD)



Ford Transit Connect sendibíll
Verð án vsk frá 2.541.833 kr.
Verð með vsk frá 3.190.000 kr.

Notaðu sérþjónustu atvinnubíla Ford
Komdu í kaffi og spjallaðu við okkur. Segðu okkur hvað þú ert að pæla og við finnum örugglega hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.

Komdu í kaffi

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar.

# Utanríkisþjónustan lætur verkin tala

Utanríkismál

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Skugga kalda stríðsins lagði löngum yfir samskipti Íslands og Rússlands. Í dag eru engar viðsjár í okkar heimshluta. Rússar sýna vaxandi vilja til að eiga nána og góða samvinnu við Vesturlönd. Ég hef því sem utanríkisráðherra skilgreint Rússland sem eitt þeirra landa sem Ísland vill í framtíðinni eiga náin tengsl við á sviði viðskipta og menningar og um norðurslóðir. Óhætt er að segja að Rússar hafa tekið skýrri stefnu minni tveimur höndum. Í kjölfar stórbatnandi samskipta hafa viðskipti blómstrað allra síðustu árin. Heimsókn mín til Rússlands í síðustu viku í boði góðs vinar og samstarfsfélaga, Sergei Lavrov utanríkisráðherra, var sérlega árangursrík varðandi enn frekara samstarf og viðskipti.

### Efnilegt samstarf í flugi

Loftferðasamningur Íslands og Rússlands heimilar nú beint flug frá Íslandi til Moskvu og St. Pétursborgar, en gert er ráð fyrir að flug til þeirrar síðarnefndu hefjist árið 2013. Fyrir íslenska ferðaþjónustu er þetta afar mikilvægt. Rússar eru vaxandi í röðum ferðamanna til Íslands. Auðsæld Rússlands er mest í þessum tveimur borgum, Moskvu og Pétursborg, og reynslan sýnir þegar að ferðamenn þaðan skilja mikil verðmæti eftir á Íslandi. Hér er því um verulegan áfanga að ræða. Utanríkisráðuneytið átti jafnframt snaran þátt í að opna dyr fyrir stórverkefni á sviði viðhalds á flugvélum í Rússlandi. Það skapaði mörgum íslenskum flugvirkjum vinnu á tímum þrenginga. Flugsamvinna Rússa og Íslendinga er því vaxandi meiður inn í framtíðina.

### Galopnað fyrir skyr og lamb

Eitt best varðveitta leyndarmál Íslands er hin ótrúlega hollusta skyrs, sem segja má að sé eitt fremsta fæðubótarefni heimsins. Á þeim grunni eiga vaskir frumherjar mjólkuriðnaðar á Íslandi að geta gert skyr að stórkostlegri söluvöru í heiminum. Það er að takast m.a. í nágrannalandi rússneska bjarnarins, Finnlandi. Einn þeirra samninga sem ég náði að undirrita í Moskvu galopnar ýmsum íslenskum mjólkurafurðum leið inn á hina vaxandi markaði Rússa, ekki síst í stórborgunum Moskvu og Pétursborg. Þær eiga það sammerkt að vera auðsælar og þar er farin af stað vitundarvakning um heilbrigðara líf. Skyrið okkar, mjólkurduft og jafnvel smjör geta átt þar stórkostlega möguleika. Að þessum samningi vann utanríkisráðuneytið í einstakri samvinnu við toppmenn hjá MAST.

Ótalinn er þá samningur sem íslensk stjórnvöld gerðu við Rússa í fyrra, en hann greiðir fyrir sölu á ýmsum afurðum úr sauðfjárrækt, slögum, innmat og öðru sem stundum var erfitt að flytja út. Þær geta nú breyst í beinhörð verðmæti fyrir íslenska bændur í pylsum og sperðlum sem renna ofan í hungraða Rússa. Og má geta þess að í kjölfarið tók enn fremur úrvals lambakjöt að streyma á rússneskan markað. Víða er því brandi utanríkisráðherra beitt í þágu íslensks landbúnaðar á erlendri grundu.

### Samningur um ættleiðingar

Mjög hefur þrengst um ættleiðingar til Íslands á síðustu árum. Ég hef þráfaldlega rætt þann möguleika við Lavrov utanríkisráðherra að formlegur samningur verði gerður milli þjóðanna um ættleiðingar rússneskra barna til Íslands. Eftir tafsamar viðræður er svo langt komið að á blaðamannafundi í lok langs Moskvufundar okkar Lavrovs lýsti hann yfir með afdráttarlausum hætti að Rússar væru nú reiðubúnir að gera slíkan samning. Á fundinum sjálfum lofaði hann jafnframt að setja sína „bestu menn“ í að ljúka samningi sem fyrst. Vafalítið eru mörg ljón á veginum ennþá sem við félagi Ögmundur þurfum saman að yfirvinna. Tækist hins vegar að ljúka samningum yrði um stórkostlega réttarbót – og hamingju – að ræða fyrir mörg barnlaus hjón sem þrá ekkert eins heitt og að eignast barn. Þetta þekki ég sem á tvær dásamlegar kólumbískar dætur.

### Mikilvægur fjarskiptastrengur

Mikilvægt samkomulag náðist á fundinum með Lavrov í Moskvu um að hefja samninga milli íslensks fyrirtækis og rússneska ríkisfyrirtækisins Polarnet um lagningu fjarskiptastrengs frá Murmansk norður um Rússland og til Íslands. Þar með yrði fullnægt því markmiði sem ég hef sett í útfærslu norðurslóðastefnunnar um að Ísland verði miðstöð gagnaflutninga og fjarskipta á norðurslóðum.

Málið hófst með því að ég sendi rússneskum stjórnvöldum bréf og óskaði samstarfs eftir að hafa verið bent á ræðu sem Pútín forsætisráðherra hélt í Arkhangelsk, en hún fjallaði m.a. um nauðsyn á bættum fjarskiptum á norðurslóðum. Ég benti á að ákjósanlegt væri fyrir Rússa að tengja áætlanir sínar um lagningu sæstrengs frá Murmansk til Asíu með því að leggja sömuleiðis annan streng frá Murmansk til Íslands, þar sem væri kostur á tengingu við Bandaríkin, og Evrópu um þrjá strengi, til Danmerkur, Skotlands og síðast Írlands.

Frá því er skemmst að segja að Rússar brugðu skjótt við. Viku síðar var einn helsti samningamaður minn ásamt íslenskum fjárfestum kominn til fundar í Moskvu og mánuði síðar handsöluðum við Lavrov utanríkisráðherra að reyna til þrautar að freista samninga um strenginn. Í næstu viku fer svo íslensk sendinefnd aftur til Moskvu til samninga. Strengurinn gæti verið kominn í gagnið á öðru ári héðan í frá. Ísland væri þá á örskömmum tíma komið með fullkomnar gagnaflutningatengingar til Bandaríkjanna, Evrópu, Rússlands og áfram til Japans og Kína.

### Samstarf um norðurslóðir

Í Moskvu staðfestum við jafnframt samning um samvinnu á norðurslóðum. Ísland og Rússland munu vinna að framþróun flutninga á sjó og í lofti á norðurslóðum, með áherslu á siglingaleiðir um norðurskautið og uppbyggingu hafnarmannvirkja. Þá verður unnið að eflingu vísinda- og fræðasamstarfs milli stofnana og háskóla í ríkjunum tveimur. Við sammæltumst um að vinna saman að því að efla öryggi sjófarenda þegar norðursiglingar um heimskautasvæðin ykjust. Rússar hafa ákveðið að byggja tíu miðstöðvar fyrir leit og björgun innan norðurheimskautsins og hafa lýst skilningi á vilja Íslendinga til að byggja alþjóðlega björgunarstöð á Íslandi. Síðast en ekki síst hafa Rússar nú lýst fullum vilja til að vinna að því að stífustu umhverfisreglum verði fylgt varðandi nýtingu auðlinda á hafsbotni handan norðurheimskautsbaugs og sömuleiðis að vinna með Íslendingum í að flýta gerð alþjóðlegs samnings um varnir gegn olíumengun.

### Samvinna um jarðhita

Á Moskvufundinum lukum við Lavrov utanríkisráðherra langri samningagerð um samstarf við nútímavæðingu á sviði atvinnumála. Markmiðið er að auka viðskipti, nýsköpun, tækniþróun og vísindi í samskiptum ríkjanna. Af okkar hálfu var áherslan einkum á jarðhita og fiskveiðitengda tækni, ekki síst með tilliti til fyrirtækja eins og Marels. Sérstaklega var rætt um að gera áætlun um samvinnu á sviði jarðhita og skilgreind sérstök verkefni á Kamtsjatka um raforkuvinnslu til stóriðju og hitaveitu á ýmsum svæðum í Rússlandi, m.a. Krasnodar.





Opinn fundur um frumvarp stjórnlagaráðs

Borgarahreyfingin og Hreyfingin í samvinnu við Stjórnarskrárfélagið og Öldu, félag um lýðræði og sjálfbærni, boða til opins fundar um frumvarp Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá Íslands, miðvikudaginn 7. desember n.k. í Grasrótarmiðstöðinni Brautarholti 4, Reykjavík, kl. 20 – 22. Allir velkomnir.

Erindi/panel: Illugi Jökulsson, Þorvaldur Gylfason, Friðrik Þór Guðmundsson, Margrét Tryggvadóttir - fyrirspurnir og umræður. Björn Þorsteinsson frá Öldu stýrir fundi og frumvarp Stjórnlagaráðs í vasabrotsútgáfu Daða Ingólfssonar verður til sölu á staðnum.

alda FÉLAG UM SJÁLFBÆRNI OG LÝÐRÆÐI
BORGARAHREYFINGIN
hreyfingin
STJÓRNARSKRÁRFÉLAGIÐ



N1 VERSLANIR



GÓÐAR GJAFIR Á GÓÐU VERÐI

NÝTTU ÞÉR GÓÐAR JÓLAGJAFAHUGMYNDIR Í VERSLUNUM N1




Full HD 1080

6020 LET40T900

HAIER 40" LED SJÓNVARP
Almennt verð 139.900 kr.
Verð til N1 korthafa 129.900 kr.*

LET40T900
**Full HD:** Upplausn 1920 x 1080
**USB Time shift:** Þú getur gert hlé á dagskrá, spólað tilbaka eða hlaupið áfram í því efni sem horft er á með því að tengja USB tæki.
**USB tengi:** Gerir kleift að horfa á myndbönd skoða ljósmyndir eða hlusta á tónlist beint af USB tæki.
**Móttakari:** DVB - T/C (Háskerpu Stafrænn Móttakari)
**Tengimöguleikar:** 3 HDMI tengi, Composite, Scart, 15 Pin D-sub(VGA/PC),PC Audio Input, Digital audio Out (SPDIF), PCMCIA, 2 USB tengi
**Þykkt:** Aðeins 3,7cm




HD ready

6020 LET32T900

HAIER 32" LED SJÓNVARP
Almennt verð 94.900 kr.
Verð til N1 korthafa 84.900 kr.*

LET32T900
**HD Ready:** Upplausn 1366 x 768
**USB Time shift:** Þú getur gert hlé á dagskrá, spólað tilbaka eða hlaupið áfram í því efni sem horft er á með því að tengja USB tæki.
**USB tengi:** Gerir kleift að horfa á myndbönd skoða ljósmyndir eða hlusta á tónlist beint af USB tæki.
**Móttakari:** DVB - T/C (Háskerpu Stafrænn Móttakari)
**Tengimöguleikar:** 3 HDMI tengi, Composite, Scart, 15 Pin D-sub(VGA/PC),PC Audio Input, Digital audio Out (SPDIF), PCMCIA, 2 USB tengi
**Þykkt:** Aðeins 4cm

*N1 korthafar þurfa að framvísa N1 kortinu til að tryggja sér afsláttinn.

N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA N1 VERSLANIR: HAFNARFIRÐI | KEFLAVÍK | AKRANESI | AKUREYRI | EGILSTÖÐUM | HÖFN | SELFOSS

# Eru allir að hlusta og lesa blað allra landsmanna?

Neytendamál

Bjarni Ákason
framkvæmdastjóri
epli.is



Neytendastofa úrskurðaði nýlega að fyrirtækið epli.is skyldi greiða stjórnvaldssekt að upphæð 1,5 milljónir króna fyrir að blekkja neytendur með all svakalegum hætti.

Skal nú gerð grein fyrir þessum alvarlegu blekkingum:

Fyrir rúmu ári birti epli.is auglýsingu í dagblöðum þar sem sagt var frá því að Apple-tölvur væru ekki með vírusa.

Þetta byggir á þeirri einföldu staðreynd að fyrirtækið hefur ekki, eftir margra ára starfsemi, fengið vélar til viðgerðar þar sem vírusa hefur verið að finna. Stjórnendur fyrirtækisins töldu sig vera í fullum rétti til að segja frá þessu. Þess má einnig geta að á heimasíðu framleiðanda er fullyrt að enga PC-vírusa sé að finna í Apple-tölvum (það er löngu viðurkennd málvenja í íslenskum tölvuheimum að tala um vírusa (en ekki PC-vírusa) þegar kemur að tölvum, enda er þetta sama tóbakið). Mér vitanlega hefur eftirlitsbatteríið í heimalandi Apple ekki fett fingur út í þessa staðhæfingu sem þó hefur verið haldið á lofti svo árum skiptir.

Í kjölfar þessara auglýsinga fengu stjórnendur epli.is ábendingu frá Neytendastofu um að ekki mætti benda á þetta. Í stað þess að standa í þrefi við pirraða ríkisstofnun (sem hefur greinilega alltof lítið að gera, en stuðlar með ráðum og dáð að eflingu eftirlitssamfélagsins með sínum boðum og bönnum) ákvað fyrirtækið að hætta birtingu þessara auglýsinga.

Epli.is ákvað í stað þess að ráðast í gerð ímyndarauglýsinga þar sem landsþekkt fólk var valið til að koma fram vegna heilbrigðra lifnaðarhátta þess. Í auglýsingunum lýsti þetta fólk heilbrigði sínu með eftirfarandi hætti:

„Ég er eiginlega bara búin að gleyma því hvernig það er að vera slappur og stressaður. Ég er bara alltaf í lagi svona eins og Apple-tölva.“

„Ég reyni að lifa ofsalega heilbrigðu lífi. Ég læt helst ekkert ofan í mig nema það sé bara ávextir og grænmeti, lífrænt, makróbíótískt, bíódínamískt, vegan, blessað, enda ég fæ aldrei neinar pestir. Enga vírusa.“

„Ég heiti Gunnar og er bardagaíþróttamaður. Ég æfi, borða hollan mat og reyni að vera í eins fullkomnu formi og ég get. Ekkert rugl og engir vírusar.“

Þessar auglýsingar höfðu verið í umferð í tæpt ár þegar Neytendastofa ákvað að í birtingu þeirra fælist ítrekað brot og einbeittur vilji til að blekkja neytendur og sektaði fyrirtækið um 1,5 milljónir króna sem áður segir. Epli.is hefur að sjálfsögðu áfrýjað þessari undarlegu ákvörðun Neytendastofu.

Og af hverju skyldi þessi ákvörðun teljast undarleg?

> Íslenskt dagblað hefur um margra áratuga skeið auglýst að það sé „blað allra landsmanna“. Blaðið hefur samt aldrei verið blað allra landsmanna.

Jú, í ljósi þess að í ljósvaka- og prentmiðlum má oft sjá og heyra fullyrðingar í auglýsingum sem ekki er innistæða fyrir ef grannt er skoðað.

**Skoðum nokkur dæmi:**

Reglulega glymja auglýsingar á neytendum um að hin eða þessi verslunin selji tilteknar vörur „tax free“. Með þessu er gefið í skyn að varan sé seld án skatta og þá líklega án virðisaukaskatts. Kæranda er ekki kunnugt um neina þá vöru sem viðkomandi verslanir selja án virðisaukaskatts. Þó bregður svo við að Neytendastofa ákvað með úrskurði sínum frá 15. júlí í sumar að ekki væri ástæða til að bregðast við notkun verslana á þessu hugtaki. Þær mega sem sagt halda fram ósannindum í auglýsingum sínum. Það er greinilega sitthvað Jón og séra Jón.

Um þessar mundir heyrist á öldum ljósvakans að menn geti öðlast „Líkama fyrir lífið“ taki þeir þátt í sex vikna líkamsræktarnámskeiði. Sennilega vita flestir að það tekur gott betur en sex vikur að ná sér í gott form og að viðhald þess er lífstíðarverkefni en ekki sex vikna skorpuvinna.

Bifreiðaumboð hér í bæ auglýsir reglulega að það sé „öruggur staður til að vera á“. Algerlega er ómögulegt að skilja hvers vegna bílaumboð getur verið öruggur staður til að vera á. Eiga neytendur að halda að viðkomandi umboð veiti þeim skjól í náttúruhamförum. Leita menn skjóls í húsi umboðsins verði jarðskjálfti?

Á tiltekinni útvarpsstöð sem nú heldur upp á aldarfjórðungsafmæli sitt er því reglulega haldið fram að allir hlusti á stöðina („… allir eru að hlusta“). Engar mælingar, ekki nokkur einasta, sýna slíka hlustun svo vitað sé.

Á Suðurlandsbraut hangir uppi skilti frá símafyrirtæki þar sem fullyrt er að þú ráðir hvað þú borgir. Þetta er náttúrlega firra, fólk ræður ekki hvað það borgar fyrir vörur eða þjónustu sem það hefur keypt. Má ég borga 5-kall?

Íslenskt dagblað hefur um margra áratuga skeið auglýst að það sé „blað allra landsmanna“. Blaðið hefur samt aldrei verið blað allra landsmanna.

Svona gæti ég haldið áfram út í hið óendanlega. Vilji Neytendastofa halda áfram að fitna eins og púkinn á fjósbitanum sem óneitanlega er hræðileg en þó raunhæf framtíðarsýn í þjóðfélagi sem hratt og örugglega stefnir í þá átt að verða Eftirlitssamfélag, er af nægu að taka. Ég gæti komið í kaffi til ykkar einu sinni í viku og séð ykkur fyrir verkefnum. Mér finnst það óspennandi hugmynd, en hvað gerir maður ekki til að þjóna samfélaginu.

Hafi maður sagt A, þá verður maður að segja B, ekki satt? Það gengur ekki upp í lýðræðisríki að taka menn og fyrirtæki fyrir handahófskennt. Það verða allir að sitja við sama borð og lúta sömu reglum.

Er ekki svo kæra Neytendastofa?










# tímamót

timamot@frettabladid.is



**KRISTJÁN ELDJÁRN** (1916-1982) forseti Íslands fæddist þennan dag.
*„Hjá fólkinu í landinu mun hugur minn verða.“*



*Elsku maðurinn minn, faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,*

**Sigurður Ólafsson**
hagfræðingur,
Barmahlíð 55,

sem lést á heimili sínu sunnudaginn 27. nóvember, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju fimmtudaginn 8. desember kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð krabbameinslækningadeildar Landspítalans.

**Dóra Thorsteinsson**
**Matthías Sigurðsson**
**Hildur Sigurðardóttir**
**Hjördís Smith** **Ólafur Sigurðsson**
**Sverrir Ólafsson** **Hulda Stefánsdóttir**
**Björk Ólafsdóttir** **Hörður Már Gylfason**
**Geir Thorsteinsson** **Halldóra Æsa Aradóttir**
**Guðbjörg Elín Þórarinsdóttir**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Fjölnir Stefánsson**
tónskáld,
Lækjasmára 6,

andaðist fimmtudaginn 24. nóvember. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 9. desember kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar LSH, s. 543 1159.

**Arndís Guðmundsdóttir**
**Ingibjörg Fjölnisdóttir** **Brynjar Kvaran**
**Þorbera Fjölnisdóttir** **Karl Sesar Karlsson**
**Brynhildur Fjölnisdóttir** **Grétar Pétur Geirsson**
**Hlíf, Fjölnir, Stefán Björn, Arnhildur, Hrafnkell og Arndís Anna.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Kristín María Gísladóttir**
Reynimel 40,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund 2. desember. Hún verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 9. desember klukkan 11. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknarfélagsins Hvítabandsins, reikningsnúmer 0117-15-370548.

**Þorsteinn Vilhjálmsson** **Sigrún Júlíusdóttir**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir**
**Svanlaug Vilhjálmsdóttir** **Halldór Eiríksson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



*Elskuleg móðir, tengdamóðir og amma,*

**Hólmfríður Magnúsdóttir**
geðlæknir
Hvassaleiti 56, Reykjavík,

sem andaðist sunnudaginn 27. nóvember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 6. desember kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur læknis (s: 565 2260) til styrktar skurðlækningum við brjóstakrabbameini við Landspítala.

**Sólveig Grétarsdóttir** **Guðmundur A. Guðmundsson**
**Jóhanna Fríða Guðmundsdóttir**
**Grétar Örn Guðmundsson** **Arndís Huld Hákonardóttir**

## Í UPPHAFI SKYLDI ENDINN SKOÐA: SÝNING Á DUFTKERJUM Í NORRÆNA HÚSINU

# Duftker vætt söltum tárum

„Verkefnið tók vissulega á, því mörg okkar hafa kynnst sorginni. Á sama tíma áttuðum við okkur á að dauðinn er afar fjarlægur í daglegu lífi og flest sem tengist útfararþjónustu dálítið falið. Verkinu fylgdu því miklar tilfinningar og víst að keramik margra var vætt söltum tárum,“ segir Sigríður Óðinsdóttir, nemandi í mótunardeild Myndlistarskóla Reykjavíkur.

Á föstudag sem leið hófst sýning á lokaverkefnum Sigríðar og ellefu samnemenda hennar í Norræna húsinu. Lokaverkefnið nefnist „Endanlegt rými – andlegt rými“ og geymir margvísleg duftker sem nemendur hönnuðu undir jarðneskar leifar, sem og umgjörð til varðveislu duftkerja.

Kennarar voru Anna Hallin myndlistarmaður og arkitektarnir Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir og Hrefna Björg Þorsteinsdóttir, en saman hafa þær hannað aðstöðu í Gufuneskirkjugarði þar sem rísa á kapella og betri aðstaða fyrir líkbrennslu framtíðar.

„Verkefnið var hugsað með raunverulegt notagildi í huga því á íslenskum duftkersmarkaði eru engin íslensk duftker fáanleg heldur eingöngu innflutt. Við fórum á fund Heimis Janusarsonar, umsjónarmanns í Gufuneskirkjugarði, sem upplýsti okkur um hagnýta hluta duftkerjagerðar áður en við gátum hafist handa. Þá skoðuðum við einnig duftkersreitinn og líkbrennsluofninn í Fossvogi, sem reyndi mikið á mannskapinn og sumir kusu að fara ekki á þann stað. Flestir tóku þó á honum stóra sínum og þótti gott eftir á að tala við útfararstjóra um dauðann á almennum nótum, því flestum okkar er hann framandi og sveipaður dulúð, þar til hann bankar óvænt upp á og við neyðumst til að horfast í augu við hann,“ útskýrir Sigríður.

Hún segir nemendurna hafa nálgast duftkerin á ólíkan hátt og að útkoman hafi ávallt verið persónuleg.

„Sumir höfðu í huga persónuleg kynni við einstaklinga sem kvatt hafa jarðvistina á meðan aðrir veltu fyrir sér spurningum um dauðann. Afraksturinn er fjölbreyttur og mismunandi eins og einstaklingarnir sjálfir, og sköpunin í öllum tilvikum upprunnin frá mjög svo persónulegum stað.“

Sigríður segir erfiðast við verkefnið að hafa þurft að kafa svo djúpt í andlegt rými sjálfrar síns.

„Það var ljúfsár upplifun en á sama tíma skemmtileg því dagsdaglega sest fólk ekki niður með kaffibolla til að hugleiða dauðann í þaula. Þarna gafst því góð ástæða og tækifæri til að gera það almennilega.“

Og hún segir að duftker mættu sannarlega endurspegla betur þann sem hvílir í þeim.

„Í sorgarferlinu er tæpast rými fyrir hugsanir um form á duftkeri því þá dvelur hugurinn hjá hinum látna. Hins vegar er sjálfsagt mál að biðja leirkerasmiði landsins um að útbúa duftker sem endurspegla persónuleika þeirra sem hafa kvatt,“ segir Sigríður.

Vert er að benda á aðra sýningu skemur kominna nemenda mótunardeildar á neðri hæð Norræna hússins.

„Sýningarnar eru ágætis sýnishorn á því frjóa og fagra starfi sem fer fram í mótunardeild Myndlistarskóla Reykjavíkur, og sýningin á duftkerjunum bæði forvitnileg, falleg og vekur fólk til umhugsunar,“ segir Sigríður.

Sýningin stendur til 11. desember. Sjá nánar á www.norraenahusid.is.

thordis@frettabladid.is



**HIÐ ENDANLEGA RÝMI** Sigríður vildi að sitt duftker væri hefðbundið í útliti. Á toppnum er lokið unnið út frá hugmynd um hurðarhún sem er notaður til að opna fyrir hinum látna í hans endanlega rými. Sé hugmyndin tekin út frá þeirri hugsun að einstaklingurinn fari úr þessum heimi yfir í þann næsta er hurðarhúnninn til að opna gáttina, hvort sem hún er huglæg eða hlutlæg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



*Elskuleg eiginkona mín og systir,*

**Hulda Margrét Waddell**
guðfræðinemi,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 1. desember, verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 9. desember kl. 13.00.

**Örn Valsson (Gulli)**
**systkini og fjölskyldur.**

## MERKISATBURÐIR

- **1593** Yfirdómur á Alþingi er stofnaður. Hann starfaði í rúmar tvær aldir.
- **1768** Alfræðiorðabókin Britannica kemur út í fyrsta sinn.
- **1917** Finnland lýsir yfir sjálfstæði frá Rússlandi.
- **1921** Írland lýsir yfir sjálfstæði frá Bretlandi.
- **1949** Þriðja ríkisstjórn Ólafs Thors sest að völdum og situr í rúma þrjá mánuði.
- **1965** Íþróttahöllin í Laugardal er vígð.
- **1985** Hafskip er gert gjaldþrota. Þetta var stærsta gjaldþrotamál á Íslandi um langan aldur.
- **1993** Debetkort eru tekin í notkun á Íslandi.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurgeir Ingvarsson,**
Geiri í Múla,
fyrrverandi kaupmaður, Selfossi.

andaðist á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum mánudaginn 28. nóvember, og verður hann jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 10. desember klukkan 13.30

**Guðmundur Birnir Sigurgeirsson** **Ágústa Traustadóttir**
**Pálmar Sölvi Sigurgeirsson** **Valgerður K. Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Marteinsson O'Leary**
fyrrverandi hjúkrunarforstjóri,

sem lést þriðjudaginn 29. nóvember á Droplaugarstöðum, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 8. desember kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á FAAS – félag aðstandenda Alzheimersjúklinga.

**Katrín Guðmundsdóttir** **Guðni Oddsson**
**Guðmundur Guðnason** **Alma María Rögnvaldsdóttir**
**Eva Hrönn Guðnadóttir** **Þór Vilhelm Jónatansson**
**Marteinn Guðmundsson**
**Katrín Guðmundsdóttir**



**Lifandi markaður** stendur fyrir Aðventukvöldi í Borgartúni 24 í kvöld milli klukkan 19 til 21, þar sem kynntar verða leiðir til að gera jólin hollari og lífrænni. Hægt verður að kynna sér hollan mat og drykki. Nánari upplýsingar á lifandimarkadur.is.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

EINN ROSA FLOTTUR!



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is

teg 9351 - létt fylltur og mjúkur í B C skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Vertu vinur

Eirberg

Mediflow heilsukoddinn

Einstakur heilsukoddi með mjúku yfirlagi og vatnsfyllingu.
Stillanlegur vatnspúði sem veitir fullkominn stuðning
Minnkar verki í hálsi.
Eykur svefngæði

9.750 kr.



Gefðu góða gjöf

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



PAS

buxurnar komnar

4 snið, háar í mittið, str. 36 - 56.

CINDY ... svartar kaki
CINDY ... dökk bláar gallabuxur
MALLE ... svartar kaki
MALLE ... svartar gallabuxur
SIGNAN ... stretchbuxur
NETTE ... stretchbuxur
SIGNE ... kvart-stretchbuxur

Sendum í póstkröfu

Kíkið á heimasíðuna okkar www.rita.is

Rita

Bæjarlind 6
S. 554 7030

Eddufelli 2
S. 557 1730

**Kuldinn bítur í kinnarnar. Fréttablaðið fékk Ingu Kolbrúnu Hjartardóttur til að gefa góð ráð gegn þurrki.**

## Hugað að húðinni



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kaldasti tími ársins er skollinn á með frosti og snjókomu og kuldanum tilheyrir oftar en ekki þurrkur. Fréttablaðið leitaði til snyrti- og hjúkrunarfræðingsins Ingu Kolbrúnar Hjartardóttur, sem er jafnframt skólastjóri Snyrtiskólans og Fótaaðgerðaskóla Íslands í Snyrtiakademíunni. Hún féllst á að gefa góð ráð er varða húðumhirðu yfir veturinn. „Þegar kuldinn eykst minnkar rakastigið í loftinu. Kalt loft ber með sér minni raka en hlýtt. Afleiðingin er sú að við finnum langflest fyrir meiri þurrki í húðinni. Þá taka flestir til við að kynda híbýli sín meira sem á einnig þátt í að mynda þurrk í húðinni og jafnvel ertingu í augum og í öndunarvegi," segir Inga Kolbrún. Hún segir þetta eiga jafnt við um konur, karla, ungt fólk, eldra fólk

FRAMHALD | 2



Stuðnings stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999



Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir iðjuþjálfara, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstönginni fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gifsloft og mikla lofthæð.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

**Góð og stöðug kæling** skiptir sköpum varðandi gæði, geymsluþol og virði fiskafurða. Kæligátt er upplýsingaveita með leiðbeiningum og umfjöllun um kælingu og meðhöndlun á fiski á öllum stigum virðiskeðjunnar frá miðum á markað. Slóðin er kaeligatt.is.












Framhald af forsíðu


Inga Kolbrún segir flesta finna fyrir auknum yfirborðsþurrki yfir kaldasta árstímann. Hún kann ýmis ráð til að halda honum í skefjum.

og ekki síst börn. Hjá flestum er því þörf á að breyta umhirðu húðarinnar yfir kaldasta árstímann.

Inga Kolbrún segir almennu regluna þá að þörf sé að feitari og þykkari kremum þegar kuldinn eykst. „Öll krem hafa bæði rakaefni sem gefa raka og fituefni sem gefa húðinni næringu og mýkt. Fituefnin eru auk þess nauðsynleg til að binda rakaefnin í húðinni en hreinn raki er fljótur að gufa upp.“ Inga Kolbrún segir oftast talað um fjórar húðgerðir; eðlilega, þurra, blandaða og feita. „Það er misjafnt eftir húðgerðum og ástandi húðarinnar hvernig hún bregst við auknum kulda og frosti. Í öllum tilfellum verður yfirborðsþurrkur þó meiri og fólk með viðkvæma húð finnur jafnvel fyrir ertingu. Þá getur klæðnaður eins og háir kragar, treflar og húfur aukið hana enn frekar. Helstu ráðleggingar Ingu Kolbrúnar eru eftirfarandi:


Almenna reglan er sú að þörf er á feitari og þykkari kremum yfir vetrartímann.

- Notið feitari og meira rakagefandi krem yfir daginn. Þeir sem finna einna mest fyrir þurrki þurfa jafnvel að bera á sig tvisvar til þrisvar yfir daginn. Þá er gott að nota feitari krem á kvöldin og/eða rakamaska sem eru til í miklu úrvali.

- Notið þykkni eða serum sem innihalda virk efni. Þau geta gefið næringu og raka.

- Notið djúphreinsa. Djúphreinsa þarf húðina minnst einu sinni í viku til að fjarlægja dauðar húðfrumur sem safnast saman og geta ýtt undir frekari yfirborðsþurrk. Með því að djúphreinsa húðina reglulega verður upptaka á virkum efnum í kremum betri.

- Notið varasalva eða feit krem á varirnar. Húðin á vörunum er þynnri og um leið viðkvæmari en húðin annars staðar.

- Notið handáburð. Húðin á höndunum þornar líka. Það er gott að nudda góðum handáburði vel á hendur, neglur og naglabönd. Best er að bera hann á nokkrum sinnum yfir daginn og um að gera að hafa handáburð í töskunni eða við hliðina á vaskinum, þá gleymist hann síður. Þá er mikilvægt að verja hendurnar úti með vettlingum eða hönskum.

- Notið fótakrem. Það er sniðugt að hafa það á náttborðinu og bera á fæturna áður en farið er að sofa.

- Forðist það að vera of lengi í heitri sturti eða baði því heita vatnið þurrkar húðina. Notið djúphreinsi fyrir húðina og berið þykkt og nærandi krem á líkamann.

- Drekkið nóg af vatni, borðið hollan mat og hugið að hreyfingu. Það byggir húðina upp að innan.

Inga Kolbrún mælir með að fólk leiti ráða hjá snyrtifræðingum og sérstaklega þeir sem eru með einhver vandamál. „Ég er til dæmis með feita húðgerð. Samt sem áður finn ég fyrir miklum yfirborðsþurrki og þá sérstaklega í kringum augun. Við sem höfum blandaða eða feita húð eigum oft erfitt með að finna feitt krem sem ekki stíflar húðina og myndar bólur og þá er gott að leita ráða hjá sérfræðingum.

*vera@frettabladid.is*







Marie Curie (1867-1934) var eðlis- og efnafræðingur. Fékk tvenn Nóbelsverðlaun fyrir rannsóknir á geislavirkni og frumefninu radíni. Hún uppgötvaði að geislar gætu læknað húðkrabbamein.



www.visindavefur.hi.is

# Vara við faraldri

**Alþjóðlega heilbrigðisstofnunin varar við hraðri útbreiðslu mislinga.**

Mislingatilfellum hefur fjölgað verulega í Evrópu að því er fram kemur á fréttavef BBC. Alþjóðlega heilbrigðisstofnunin, World Health Organization eða WHO, hefur gefið út viðvörun um að tilfellum muni fjölga enn frekar á næsta ári verði ekki gripið til fyrirbyggjandi aðgerða.

Samkvæmt Alþjóðlegu heilbrigðisstofnuninni hafa meira en 26.000 mislingatilfelli greinst í 36 Evrópulöndum frá janúar til október á árinu. Um 83 prósent tilvika greindust í Vestur-Evrópu og þar af 14.000 tilfelli eingöngu í Frakklandi. Á heildina litið hafa orðið níu dauðsföll og 7.228 innlagnir á spítala af völdum mislinga á tímabilinu. Um nítíu prósent greindra voru fullorðnir eða unglingar sem ekki höfðu verið bólusettir eða höfðu ekki lokið bólusetningu gegn mislingum.


Margir þeirra sem hafa greinst með mislinga voru ekki bólusettir eða höfðu ekki lokið bólusetningu.
NORDICPHOTOS/GETTY

Mislingar stafa af veiru sem er mjög smitandi og berst milli manna með úðasmiti. Helstu einkenni eru hiti, nefrennsli, hósti, bólgin augu, blettir og útbrot. Um tíu prósent þeirra sem sýkjast fá alvarlega fylgikvilla, svo sem heilabólgu eða lungnabólgu.

# JÓLAGJÖFIN HANS

ÞRIÐJUDAGUR **6. DESEMBER 2011**

**Kynningarblað** Gjafavara, ýktar gjafir og góðar hugmyndir.



NORDICPHOTOS/GETTY



**● DELLUDÓT Í PAKKANN** Karlmenn fá margir dellur og gleðjast ómælt ef makinn er svo elskulegur að setja eitthvað þeim tengt í jólapakkann. Veiðihjól, golfkylfur, steikarpottar, garðáhöld og flugmódel geta í þessu samhengi vakið ómælda lukku. Konur fá sömuleiðis dellur og kemur jafnvel fyrir að hjón og sambúðarfólk deili dellum sem getur komið sér vel. Ef svo er ekki má reyna að kynda undir það hjá makanum með því að lauma einhverju spennandi tengt eigin áhugamáli í pakkann – meira í gríni en þó einhverri alvöru. Þetta getur verið uppskriftabók, golfkennslubók, boð í veiðiferð eða því um líkt. Það er aldrei að vita nema upp frá því kvikni áhugi og ánægjulegar samverustundir.






# Fimm ýktar gjafir

**Glæsikerrur, hraðbátar og vínsmakkanir eru meðal þess sem ratar á lista bandarísku verslanakeðjunnar Neiman Marcus yfir ýktar og dýrar jólagjafir fyrir karla í ár.**

Neiman Marcus er bandarísk verslanakeðja sem sérhæfir sig í sölu á hvers kyns munaðarvöru. Frá árinu 1939 hefur fyrirtækið gefið út jólagjafahandbók sem vekur jafnan mikið umtal, einkum fyrir kafla sem helgaður er ýktum og rándýrum gjöfum. Í ár rataði eftirfarandi á gjafalista karla:

Ferrari FF nær inn á lista Neiman Marcus að þessu sinni, en glæsikerran kostar litla milljón dali.

Fyrir sömu upphæð er hægt að kaupa „dansandi“ gosbrunn, það er gosbrunn sem myndar tilbúinn öldugang í takt við dillandi tónlist.

Sérsmíðaður hraðbátur úr mahóníviði að hætti Neiman Marcus er hræódýr í samanburði, kostar aðeins 250 þúsund dali.

Ef þinn heittelskaði er vínunnandi er Johnny Walker viskísmökkun kannski málið. Kostar ekki nema 5.000 dali og hægt er að bjóða með sér 20 gestum.

Fyrir 420 þúsund dali fæst flug í einkaþotu á evrópskar blómasýningar. Tilvalið fyrir karla með græna fingur.



Hraðbátur að hætti Neiman Marcus kostar 250 þúsund dali.

# Eldheit hönnun

Nýjasta vörulína frænknanna Kristínar Stefánsdóttur og Kolbrúnar Eddu Júlínusdóttur hjá Auntsdesign er Grillkóngurinn, svunta, kokkahúfa og grillhanski, fyrir karlmenn sem elska að grilla og er settið í fallegum handgerðum gjafapoka. Gjafapokinn er skreyttur sama lógói og svuntan. Með vorinu munum við bæta fleiri hlutum inn í línuna fyrir Grillkónginn.

Auntsdesign var stofnað í bílskúr fyrir tveimur árum en hefur síðan vaxið og dafnað. „Starfsemin var orðin það umfangsmikil að við fluttum í sumar vinnustofuna okkar í Hlíðasmára 8,“ segir Kristín, en Auntsdesign er helst þekkt fyrir fallega bómullarboli með handprentuðu lopapeysumynstri. „Þeir voru okkar fyrsta verkefni en síðar komu bolir með stuðlabergi og Holtasóley þjóðarblóminu okkar. Við höfum einnig sett á markað gjafavörulínu með könnum og glösum fyrir snafsa og kerti,“ segir Kristín. Bolirnir hafa notið mikilla vinsælda enda gæðalegir og fáanlegir í sniðum fyrir konur, karla og börn. Mynstrin eru nokkur auk þess sem sumir eru með handlímdum swarovski-steinum. „Við leggjum mikla áherslu á fallegar pakkningar og því hafa bolirnir verið mjög vinsælir til gjafa,“ segir Kolbrún Edda.

Vörur Auntsdesign fást í ýmsum hönnunarverslunum en upplýsingar um útsölustaði er að finna á vefsíðunni auntsdesign.is. Þeir sem vilja komast í samband við þær frænkur er bent á að senda póst á info@auntsdesign.is. Þá er stúdíó frænknanna í Hlíðarsmára 8 opið á mánudögum og fimmtudögum frá kl.13-16 eða eftir samkomulagi.



Frænkurnar Kristín Stefánsdóttir og Kolbrún Edda Júlínusdóttir stofnuðu Auntsdesign fyrir tveimur árum. MYND/GVA




**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal


Klæddu þinn vel um jólin!
BOSS
HUGO BOSS
SAND
ARMANI
COLLEZIONI
strellson
HUGO
HUGO BOSS
POLO
RALPH LAUREN
eterna
BOSS SELECTION
HUGO BOSS
Benvenuto.
DENIM & SUPPLY
RALPH LAUREN
gardeur
Stenströms
bugatti
MABRUN
FINUCCI
collezione
LLOYD
HUGO BOSS
KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242
herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel




JBL by HARMAN

EISA AWARD Best Product 2011-2012 LOUDSPEAKER JBL Studio 190

*JBL Studio 190 – EUROPEAN LOUDSPEAKER OF THE YEAR 2011-2012*

*'While the Studio 190 has an exotic appearance, it remains easy to drive and is the ideal partner for a great many entry-level amplifiers and AV receivers. So much loudspeaker, so small a price tag – how does JBL do it?'*

# MEÐ JBL HLJÓMI HÖFUM VIÐ SIGURVEGARA

## Öflugir **JBL Studio 1 Series** hátalarar



Hinir einstöku JBL Studio 1 Series hátalarar eru glæsilegir, stílhreinir og fylla rýmið með hágæða JBL hljómburði. Tvöfaldir bassa- og miðjuhátalarar framkalla óaðfinnanleg hljómgæði sem fylla hvaða stofu sem er. Upplifðu frammistöðu sem er svo kristalstær að tónlistin mun hljóma eins og þú sért að heyra hana í fyrsta sinn. Yfirburða hljómgæði, og ekki skemmir verðið ánægjuna.

**KYNNIÐ YKKUR JÓLATILBOÐ**
á JBL hátölurum og harman/kardon hljómtækjum.

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin** 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

## Bátar



Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Bátar og búnaður – Skipasalan

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Varahlutir




**Bílapartasala**

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Japanskar vélar Bílapartasala**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir í MMC Carisma '98, Kia Rio '01, primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. S. 896 8568.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Faglærðir Píparar**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**

öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Jólahreingerningar, Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun, gluggaþvottur, sérverkefni. www.hreingerningar.is S. 772 1450.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Garðyrkja







## Bókhald

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsaviðhald




Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is




## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Rafvirkjun




**RAFVIRKJUN S. 896 6025**

Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Spádómar




## Nudd

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

## Skemmtanir

Heimabókakynning Upplestur, myndasýning og lifandi tónlist úr bókinni Þúsund myndir ... milljón minningar. T.d. fyrir saumaklúbba, matarboð og aðra mannfagnaði. Uppl. í síma 699-8523

## Trésmíði

Smiðir geta bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 856 5555.

## Önnur þjónusta




**Sneisafull búð af öðruvísi jólavörum!**

Dæmi: 66 cm jólasveinaandlit (plasthúðaður pappi) á 290 kall! Allskonar jólaskraut sem þú finnur hvergi annarsstaðar á frábæru verði, jólasveinabúningar og fylgihlutir fyrir alla, sniðugar ódýrar gjafir í skóinn, bökunarvörur, borðbúnaður og glös, úrval skrautkerta öll á 50% afslætti, sprellivörur, áramótavörur, hattar, kórónur, knöll, o.fl. o.fl. Partýbúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534. Ópið 11-18 virka daga, 11-17 laugardaga og 12-16 sunnudaga.



**ÚTSALA ÚTSALA**

40% afsláttur af haust-og vetrarvörum frá Green-house. Opið í dag 10-18 Einnig falleg gjafavara/jólavara á sama stað. Green-house Þverholti 18 105 Reykjavík.

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu






**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**

Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. www.heitirpottar.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** glufa, **6.** mannþvaga, **8.** meðal, **9.** loft, **11.** tveir eins, **12.** afspurn, **14.** gistihús, **16.** mun, **17.** viður, **18.** temja, **20.** klaki, **21.** hanga.

**LÓÐRÉTT**
**1.** frásögn, **3.** gangþófi, **4.** ölvun, **5.** kraftur, **7.** sammála, **10.** hlóðir, **13.** sigað, **15.** dó, **16.** frostskemmd, **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. rifa, 6. ös, 8. lyf, 9. gas, 11. il, 12. umtal, 14. hótel, 16. ku, 17. tré, 18. aga, 20. ís, 21. lafa.
**LÓÐRÉTT:** 1. sögu, 3. il, 4. fyllerí, 5. afl, 7. samhuga, 10. stó, 13. att, 15. lést, 16. kal, 19. af.






# Virðing fyrir vísindunum

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Íslendingar eru æði oft óánægðir með stjórnmálamennina sína. Mörgum þykja þeir með réttu eða röngu duglausir, hugmyndasnauðir, þrætugjarnir og jafnvel illa að sér. Stundum er gengið svo langt að kalla hópa þeirra landráðamenn eða þaðan af verra. Sá grunur læðist að vísu að mér að íslenskir stjórnmálamenn séu ekki þeir einu sem liggi undir ámæli en í það minnsta má slá því föstu að traust til íslenskra stjórnmálamanna er með minnsta móti.

**SUMIR** telja lausnina vera nýtt flokkakerfi, aðrir vilja draga verulega úr völdum stjórnmálamanna og enn aðrir telja fámennið orsakavald og segja okkur þurfa að lifa með því. Eitt er það þó sem við getum þakkað fyrir og það er að borin er virðing fyrir vísindalegum niðurstöðum í íslenskri stjórnmálaumræðu.

**Í BANDARÍKJUNUM** hefur sú hrollvekjandi þróun átt sér stað að Repúblikanaflokkurinn, annar stóru stjórnmálaflokka landsins, hafnar nú vísindalegum niðurstöðum sem flokksmönnum hugnast ekki. Þannig hafnar meirihluti bandarískra þingmanna því að jörðin sé að hitna af mannavöldum þrátt fyrir að 97 til 98 prósent loftslagsvísindamanna fullyrði að svo sé. Að sama skapi hafnar stór hluti þingmanna þróunarkenningunni, af trúarlegum ástæðum frekar en nokkrum öðrum. Svona mætti áfram telja. Um þessar mundir keppist hópur manna um að verða frambjóðandi flokksins í forsetakosningunum sem fara fram þar í landi eftir ellefu mánuði. Einungis einn frambjóðandi hefur varað við þessari þróun og borið blak af vísindunum. Sá frambjóðandi er neðstur í öllum skoðanakönnunum og þykir ekki eiga möguleika á að hljóta útnefninguna. Það er ekki lítið áhyggjuefni þegar flest bendir til þess að núverandi forseti muni eiga erfitt verk fyrir höndum með að ná endurkjöri.

**ÞEGAR** það þykir ekki tiltölumál að stjórnmálamenn hafni einfaldlega óþægilegum staðreyndum þarf ekki mikið að ganga á til að hlutirnir fari alvarlega út af sporinu. Góðar ákvarðanir byggjast á því að huga að fyrirliggjandi staðreyndum, jafnt þægilegum sem óþægilegum, og komast svo að niðurstöðu. Menn geta verið ósammála um niðurstöðuna en staðreyndirnar eiga menn að láta vera. Hvað sem segja má um íslenska stjórnmálaumræðu þá fer hún í það minnsta oftast fram á forsendum staðreynda. Því ber fyrir alla muni að viðhalda.






## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Endurgreiðsluleikur Orkunnar í desember**




# Endur-greiðsla eða 100.000 kr.

Í endurgreiðsluleik Orkunnar fær einn viðskiptavinur á dag í desember **áfyllingu sína endurgreidda** og 3 viðskiptavinir fá **100.000 kr. inneignarkort** í lok mánaðar.







Handhafar Orkulykils, Orku- og Afsláttar-korts, Orkufrelsis og Staðgreiðslukorts Skeljungs eru sjálfkrafa með!

Dregið verður á föstudögum úr öllum áfyllingum vikunnar og fá 7 viðskiptavinir áfyllingu sína endurgreidda. Endurgreiðslan er í formi inneignarkorts með sömu upphæð og dælt var fyrir.

Allir viðskiptavinir með Orkulykil, Orkukort, Afsláttarkort (skráð á kennitölu), Orkufrelsi eða Staðgreiðslukort Skeljungs geta vænst þess að fá áfyllingu sína endurgreidda, hvort sem þeir hafa tekið eldsneyti á bensínstöðvum Orkunnar eða Shell. Óþarfi er að skrá sig sérstaklega til leiks.

Fylgstu með á Orkan.is og á Facebook.

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SÍA / NM49308



**3,4** **PLATA SÖNGKONUNNAR ADELE,** 21, hefur selst í 3,4 milljónum eintaka í Bretlandi. Hún er þar með orðin söluhæsta plata aldarinnar þar í landi, á undan Back to Black með Amy Winehouse.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Jónsi** fær góða dóma á bandarísku tónlistarsíðunni Pitchfork fyrir tónlist sína við kvikmyndina We Bought a Zoo. Platan fær sjö í einkunn af tíu mögulegum. Gagnrýnandinn segir Jónsa vera undir áhrifum frá sólóplötu sinni Go og að strengja- og lúðraútsetningar Nico Muhly séu smekklegar. Einnig segir hann melódíuna í einu laginu líkjast hinu sígilda jólalagi White Christmas. We Bought a Zoo í leikstjórn Camerons Crowe verður frumsýnd vestanhafs 23. desember og fara Matt Damon og Scarlett Johansson með aðalhlutverkin. - fb



Hádegistónleikar í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45
ENGINN AÐGANGSEYRIR
ALLIR VELKOMNIR
Listrænn stjórnandi
Gerrit Schuil
LJÁÐU OKKUR EYRA

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

# DORRIT Á DJAMMI MEÐ PIPPU

**Forsetafrúin Dorrit Moussaieff var smart og elegant þegar skautasvellið í Somerset-menningarmiðstöðinni í London var opnað fyrir skemmstu. Meðal annarra gesta voru Pippa Middleton, systir Kate Middleton, og Judi Dench, sem hefur leikið M í síðustu James Bond-myndum.**



Judi Dench og David Mills voru meðal gesta, en Dench leikur yfirmann bresku leyniþjónustunnar í James Bond-myndunum. Næsta mynd, Skyfall, verður þriðja myndin þar sem Dench leikur á móti Daniel Craig, núverandi Bond.



Fyrirsætan Suki Waterhouse mætti á opnunina. Hún er ein eftirsóttasta fyrirsætan í bransanum í dag og er meðal annars andlit Marks & Spencer.



Forsetafrúin var í essinu sínu þegar skautasvell í miðborg Lundúna var opnað. Gulu gallabuxurnar vöktu mikla athygli og ljóst að forsetafrúin íslenska er með á nótunum þegar horft er til nýjustu strauma í fatatísku.



Pippa Middleton er í sérstöku uppáhaldi hjá bresku pressunni eftir að hún stal óvænt senunni í brúðkaupi systur sinnar, Kate Middleton. Ljósmyndarar fylgja henni við hvert fótmál. NORDICPHOTOS/GETTY



Þessi skautadansari sýndi listir sínar fyrir Pippu og Dorrit í Somerset-menningarmiðstöðinni þegar skautasvellið þar var opnað.



Kynntu þér hvernig þú getur gert jólin þín hollari og lífrænni

# Aðventu kvöld

**LIFANDI markaður**, Borgartúni 24 - þriðjudaginn 6. desember kl. 19:00-21:00

## Smakkaðu lífrænt góðgæti

Lifandi jólatónlist og spennandi kynningar

- Nýjungar frá Móðir Jörð
- Rusk hrökkbrauð
- Íslenskir jólaostar
- Dásamlegar íslenskar sultur
- Naturfrisk lífrænt engiferöl
- Rapunzel súkkulaðikynning
- Jólakonfektkynning
- Amé hátíðardrykkurinn



## Sigga Kling spáir í spilin

**Sigga Kling** mætir litrík að vanda og spáir í spilin.





Prófaðu okkar margrómuðu **hnetusteik** með villisveppasósu






## Bragðaðu á lífrænu víni

Starfsfólk frá Vínekrunni kynnir lífrænt ræktað vín.





## Snyrti-vörukynning

Ekki missa af Dr. Hausckha kynningunni. Einnig verða kynntar íslenskar og lífrænar snyrtivörur frá Sóley.

## Smákökur frá Brauðhúsinu

Snillingarnir frá Brauðhúsinu verða með kynningu á jólakökum, smákökum og jólabrauði.

## Bóka-kynningar

**Ebba Guðný** kynnir bókina: Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða.

**Auður Konráðs** kynnir bókina: Heilsudrykkir.




## 10%

Svo er 10% afsláttur af öllum vörum í versluninni.

LIFANDI MARKAÐUR

**www.lifandimarkadur.is**
Borgartúni 24 | Hæðasmára 6 | Hafnarborg

# Les óbirtan kveðskap föður síns, Kristjáns Eldjárns forseta

Þórarinn Eldjárn rithöfundur ætlar að flytja óbirtan kveðskap eftir föður sinn, Kristján Eldjárn, forseta Íslands, á vísnakvöldi í Breiðfirðingabúð í kvöld. „Ég var búinn að lofa að mæta á þessa samkomu og fara þar með einhvern kveðskap. Þegar ég áttaði mig á að hana bar upp á afmælisdag föður míns, sem hefði orðið 95 ára í dag, þá fannst mér upplagt að fara með eitthvað eftir hann. Faðir minn orti mikið og þýddi. Minnst af því hefur birst en ég ætla að lesa svolítið úrval af því,“ segir Þórarinn.

Þetta er þriðja vísnakvöldið í haust og vetur í Breiðfirðingabúð en þau eru haldin fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Það er Ragnar Ingi Aðalsteinsson frá Vaðbrekku, doktor í íslenskri stuðlasetningu og skáld, sem stendur að þeim. Auk upplestra, fræðsluerinda og söngs er gestum gefinn kostur á að tjá sig í pontunni ef þeir luma á góðri vísu eða stuttu kvæði. Einnig fá viðstaddir tækifæri til að sýna kunnáttu sína í vísnagerð. Dómnefnd metur vísurnar áður en kvöldið er liðið og eru vegleg bókaverðlaun í boði.

Vísnakvöldið hefst klukkan 20 í Breiðfirðingabúð. Aðgangseyrir er 500 krónur.

- gun



**ÞÓRARINN ELDJÁRN** „Faðir minn orti mikið og þýddi. Minnst af því hefur birst en ég ætla að lesa svolítið úrval af því.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 6. desember 2011**

### ➜ Tónleikar

**12.00** Hafnarborg býður á hádegistónleika þar sem Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzosópran og Antonía Hevesi píanóleikari leiða saman hesta sína og flytja nokkur vel valin jólalög. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Útskriftartónleikar Steingríms Þórhallssonar frá Listaháskóla Íslands verða haldnir í Neskirkju við Hagatorg. Flutt verður Magnificat eftir Johann Sebastian Bach en um 90 manns koma að flutningnum. Aðgangseyrir er kr. 3.000.

### ➜ Fundir

**20.00** Árlegur aðventufundur KFUM og KFUK verður haldinn að Holtavegi 28, Reykjavík.

### ➜ Upplestur

**14.00** Sigríður Víðis Jónsdóttir les úr bók sinni, Ríkisfang: ekkert í Menningar- og félagsmiðstöðinni Aflagranda 40. Aðgangur er ókeypis og kaffi og meðlæti á góðu verði.

### ➜ Uppákomur

**20.00** KEX hostel býður alla velkomna að kíkja við á Kexmas 2011. Dagskráin hefst með upplestri Jakobs Frímanns Magnússonar og Þórunnar Erlu Valdimarsdóttur úr ævisögu þess fyrrnefnda, Með sumt á hreinu. Klukkan 21.00 mun kvartetinn ADHD svo leika lög af nýrri plötu sinni, ADHD2. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Tónlist

**14.30** Arnþrúður og Sunna Ingólfsdætur spila vel valin þjóðlög í Menningar- og félagsmiðstöðinni Aflagranda 40. Aðgangur er ókeypis og kaffi og meðlæti á góðu verði.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.05** Fyrirlestur í hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands: Hvað er (mis)notkun sögunnar? verður haldinn á Þjóðminjasafni Íslands. Fyrirlesari er Súsanna Margrét Gestsdóttir. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

SAMBÍÓIN

Frábær gamanmynd með Jason Sudeikis úr Hall Pass og Horrible Bosses.
A GOOD OLD FASHIONED ORGY
Time out New York
Time Entertainment
Tilboð 750 kr.

Tilboð 750 kr.
NICOLAS CAGE NICOLE KIDMAN TRESPASS

sýnd með íslensku og ensku tali
Every step counts.
HAPPY FEET TWO
1000 kr. á 3D sýningar
SÝND Í 2D OG 3D
Tilboð 750 kr.

FOREVER IS ONLY THE BEGINNING
breaking dawn
Tilboð 750 kr.

**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| TRESPASS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| BREAKING DAWN :PART 1 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| BREAKING DAWN :PART 1 VIP | kl. 9:20 | 2D | VIP |
| THE HELP | kl. 8 | 2D | L |
| THE HELP VIP | kl. 6 | 2D | VIP |
| TOWER HEIST | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE INBETWEENERS | kl. 5:40 - 10:45 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET TWO 3D | kl. 6 | 2D | L |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 | 2D | 16 |
| TRESPASS | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN | kl. 5:40 - 8 | 2D | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 10:20 | 2D | 16 |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | L |
| WHAT'S YOUR NUMBER | kl. 5:30 - 8 | 12 |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 10:10 | 12 |
| IDES OF MARCH | kl. 8 | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 10:10 | 16 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 5:30 í 2D & 3D | | L |
| A GOOD OLD FASHOINED ORGY | kl. 5:30 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| TRESPASS | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ Ensku Tali / ótextuð | kl. 5:40 | 3D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE HELP | kl. 5:10 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| TRESPASS | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 - 10 | 2D | 16 |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN PART 1 | kl. 8 | 2D | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
HEFURÐU VELT ÞVÍ FYRIR ÞÉR HVERNIG MAÐUR FER AÐ ÞVÍ AÐ AFHENDA TVO MILLJARÐA GJAFA Á EINNI NÓTTU?
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
L LÚXUS 92% ROTTENTOMATOES midi.is
JASON STATHAM
BLITZ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
16 LÚXUS midi.is
ADAM SANDLER JACK AND JILL
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
L midi.is
★★★★ -A.E.T., MBL
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
TROPA DE ELITE 2
16 ★★★★ -V.J.V., SVARTHOFDI.IS
IMMORTALS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
LG Símar ★★★ -Þ.Þ., FT
16 midi.is

**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BLITZ | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| BLITZ LÚXUS | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| TROPA DE ELITE | KL. 10.20 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 8 - 10.10 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | 7 |
| ÞÓR 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 5.50 | L |
| ARTHUR CHRISTMAS 3D ÁN TEXTA | KL. 5.50 | L |
| TROPA DE ELITE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| IN TIME | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 | L |

**BORGARBÍÓ** ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 6 | L |
| BLITZ | KL. 8 | 16 |
| TROPA DE ELITE | KL. 5.50 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 8 - 10 | L |
| IMMORTALS 3D | KL. 10 | 16 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
JASON STATHAM BLITZ 700 KR.
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM ÍSLENSKT TAL 950 KR. í 3D
ADAM SANDLER JACK AND JILL 700 KR.
Þriðjudagur er tilboðsdagur.
HAPPY FEET 950 KR. í 3D
IMMORTALS 950 KR. í 3D
BORGRÍKI

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BLITZ | 8 og 10.15 |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | 6 |
| JACK AND JILL | 6 og 8 |
| HAPPY FEET 2 3D - ISL TAL | 6 |
| IMMORTALS 3D | 8 og 10 |
| BORGRÍKI | 10.15 |

Gefðu tóninn um jólin
Gefðu gjafakort sem gildir á alla viðburði í Hörpu.
Fæst í miðasölu á jarðhæð Hörpu, í síma 528 5050 eða á midasala@harpa.is
www.harpa.is
HARPA

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is
ÞRIÐJUDAGUR: HJEM TIL JUL (HEIM UM JÓLIN) 18:00, 20:00, 22:00 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ FARIN (PARTIR) 18:00, 20:00 ■ ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00 ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.
VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!
Heim um jólin HJEM TIL JUL
NÝ JÓLA-KLASSÍK!
WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN
ERKIFJENDUR

# VÖRN GEGN KULDA

**Ceridal fitukrem er framleitt úr 100% fituefnum og olíum – inniheldur ekkert vatn.**

Þegar kalt og hvasst er úti verður andrúmsloftið oft þurrt. Sama á við um húðina og þarf því að verja hana sérstaklega vel. Með Ceridal fitukremi er unnt að minnka hættuna á húðskemmdum af völdum kulda, því fitukremið inniheldur ekki vatn og gerir húðinni kleift að anda eðlilega. Fyrir alla sem stunda útivist og útiveru og vilja verja sig gegn kulda, er Ceridal fitukrem rétta valið.
Ceridal fæst í apótekum.




**ÁN PARABENA, VATNS, LITAREFNA OG ILMEFNA**




ceridal®
Húðhirðulína

Stiefel
a GSK company

# sport

sport@frettabladid.is



**RAKEL DÖGG BRAGADÓTTIR** mun hætta í atvinnumennsku hjá norska handboltaliðinu Levanger. Rakel sleit krossband í hægra hné rétt fyrir HM í Brasilíu og mun hún fara í aðgerð í janúar. Rakel mun flytja til Íslands og vonast hún til þess að geta leikið með íslensku félagsliði næsta haust.

# GRÍÐARLEGA ERFITT VERKEFNI

**Strandblak er hluti af undirbúningnum fyrir risaverkefnið gegn Evrópu- og Ólympíumeistaraliði Noregs. Landsliðsþjálfarinn vill að liðið nái að sýna styrk sinn á ný eftir tapleikinn gegn Angóla.**

**HM 2011** Það var létt yfir íslenska kvennahandboltalandsliðinu í gær þar sem það tók óhefðbundna æfingu síðdegis á ströndinni fyrir framan liðshótelið í Santos í Brasilíu. Skokk, strandblak og smá sjóbað var á dagskrá og var ekki annað að sjá en að liðið væri búið að hrista af sér tapleikinn gegn Angóla.

Næsta verkefni Íslands í A-riðli HM er risavaxið. Evrópu- og Ólympíulið Noregs er mótherjinn. Og það er ljóst að það verður gríðarlega erfiður leikur fyrir Ísland.

Ágúst Jóhannsson, þjálfari íslenska liðsins, vill að lið hans leiki aftur af eðlilegri getu líkt og liðið gerði gegn Svartfjallalandi í opnunarleik HM. Ágúst þekkir norska liðið gríðarlega vel, enda er hann þjálfari félagsliðsins Levanger í norsku úrvalsdeildinni.

„Noregur er líklega með besta landslið í heimi. Evrópu- og Ólympíumeistarar. Þetta verður gríðarlega erfitt verkefni. Markmiðið er að koma liðinu aftur í gang, ná góðum leik. Það er mikilvægt fyrir okkur sem lið að ná okkur upp aftur og sýna betri gæði en gegn Angóla. Leikmenn voru vissulega daprir og fúlir eftir tapleikinn gegn Angóla en það er búið. Við ætlum að njóta þess að vera hérna í þessari keppni og ná þeim stöðugleika sem þarf til fyrir svona stórmót,“ sagði Ágúst í gær.

Hrafnhildur Skúladóttir fyrirliði Íslands tekur í sama streng og þjálfarinn. „Við þurfum að fækka mistökunum í sóknarleiknum. Ná skotum á markið í stað þess að missa boltann – en það gerðist mjög oft í síðasta leik. Styrkleiki Noregs er góður varnarleikur, markvarsla og hraðaupphlaup. Við verðum að ná að stilla upp í vörn gegn þeim sem oftast.

Ef það tekst þá getur allt gerst. Norðmenn eru með mjög jafnt lið og það er styrkleiki þeirra líka. Okkar möguleikar liggja í því að ná upp frábærri vörn gegn Norðmönnum. Þeim gengur ekki alltaf vel gegn uppstilltri vörn. Það er ekki þeirra leikur. Markverðirnir þeirra eru báðir gríðarlega sterkir, Kari Grimsbø og Katrine Lunde Haraldsen.

Línumaðurinn Heidi Løke er þeirra helsta vopn í sóknarleiknum. Gríðarlega sterk og við þurfum að passa vel upp á línuspil þeirra,“ sagði Hrafnhildur Skúladóttir.

Norðmenn eru líklegir til afreka á þessu heimsmeistaramóti. Ekkert nema verðlaunasæti kemur til greina. Noregur tapaði frekar illa gegn Þjóðverjum í fyrsta leiknum en valtaði yfir Kína í fyrrakvöld.

Í lið Noregs vantar tvo af reyndustu og bestu varnarmönnum liðsins. Gro Hammerseng og Tonje Larsen. Þær hafa verið hávöxnustu leikmenn liðsins í gegnum tíðina og fjarvera þeirra hefur veikt varnarleik norska liðsins svo um munar.



**LÍF OG FJÖR Í SANTOS** Ungir kepptu gegn gömlum í strandblaki og ungir höfðu betur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Sigurður Elvar Þórólfsson og Pjetur Sigurðsson** fjalla um HM í Brasilíu
seth@frettabladid.is – pjetur@365.is



**KLÁR Í SLAGINN** Þorgerður Anna bíður eftir stóra tækifærinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þorgerður Anna Atladóttir:

## Verð klár þegar kallið kemur

**HANDBOLTI** Þorgerður Anna Atladóttir, vinstri skytta úr Val, hefur ekki leikið stórt hlutverk á þessu heimsmeistaramóti fram til þessa. Hún lék í nokkrar mínútur í síðari hálfleiknum gegn Angóla og þar með náði hún þeim áfanga að feta í fótspor föður síns og bróður sem hafa báðir leikið með A-landsliði Íslands í lokakeppni heimsmeistaramóts.

Þorgerður er dóttir Atla Hilmarssonar, þjálfara Akureyrarliðsins, og Arnór bróðir hennar hefur verið lykilmaður í íslenska landsliðinu undanfarin ár. „Þetta er mjög gaman og það sem alla handboltamenn dreymir um. Ég er í því hlutverki að vera á varamannabekknum og verð bara að vinna úr því með jákvæðu hugarfari. Vera klár þegar kallið kemur. Ég leita til pabba og Arnórs ef ég þarf á því að halda. Þeir eru alltaf að gefa mér einhver góð ráð sem hafa yfirleitt nýst mér vel,“ sagði Þorgerður Anna. - seth

Fulham lagði Liverpool:

## Jólagjöf Reina

**FÓTBOLTI Pepé Reina, markvörður Liverpool, færði Fulham snemmbúna jólagjöf í gær er Fulham fékk sigurmark á silfurfati frá honum.**

**Reina hélt þá ekki lausu skoti Danny Murphy og Clint Dempsey þakkaði fyrir með því að skora eina mark leiksins.**

**Liverpool spilaði einum færri síðustu 20 mínútur leiksins eftir að Jay Spearing fékk að líta rauða spjaldið fyrir afar litlar sakir.**

**Liverpool er í sjöunda sæti deildarinnar en Fulham því níunda.** - hbg

Ágúst Þór Jóhannsson landsliðsþjálfari hefði frekar viljað vinna lið Angóla en Svartfellinga um helgina:

# Fjögur stig duga líklega ekki til að fara áfram

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar eiga erfiða leiki gegn Noregi í kvöld og svo Þýskalandi á morgun sem gætu haft mikið að segja um möguleika Íslands á að komast áfram í 16 liða úrslit keppninnar.

Ísland hefði með sigri á Angóla á sunnudagskvöld komið sér í efsta sæti A-riðils með fullt hús stiga eftir tvo leiki en liðið tapaði og er nú í næstneðsta sæti riðilsins. Ísland er með tvö stig, rétt eins og Noregur, Þýskaland og Svartfjallaland. Angóla er með fjögur stig í efsta sæti en Kínverjar í neðsta með ekkert.

Fjögur efstu liðin komast áfram í 16 liða úrslit keppninnar. Ísland á enn þrjá leiki eftir í riðlinum og því getur margt gerst. Ísland mætir í næstu tveimur leikjum sterkum andstæðingum – Noregi og Þýskalandi. Líklegt verður að teljast að Ísland þurfi að fá eitthvað úr þeim leikjum til að eiga enn möguleika á sæti í 16 liða úrslitunum áður en kemur að leiknum gegn Kína á föstudagskvöldið.

Ástæðan fyrir því er að ef Ísland og Angóla verða á endanum jöfn að stigum mun árangur í innbyrðisviðureignum ráða því hvort lið verður ofar í töflunni. Miðað við að Kína verði í neðsta sæti gæti það orðið til þess að Angóla endaði í fjórða sæti riðilsins og Ísland því fimmta.

Angóla á mjög erfiða leiki eftir í riðlinum og gæti hæglega endað með þau fjögur stig sem liðið er með núna. Ef Ísland tapar bæði fyrir Noregi og Þýskalandi duga tvö stig gegn Kína ekki til að komast upp fyrir Angóla í töflunni.

„Ef ég gæti skipt á leikjum myndi ég frekar vilja vinna þennan leik [en leikinn gegn Svartfjallalandi],“ sagði Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari íslenska landsliðsins, eftir tapleikinn gegn Angóla. Þetta eru þó aðeins vangaveltur og miðað við úrslitin fyrstu tvo keppnisdagana er ljóst að það er aldrei hægt að útiloka óvænt úrslit í leikjum A-riðils. - esá



**ÁGÚST ÞÓR** Vildi frekar tvö stig gegn Angóla en Svartfjallalandi.




Loksins snýr hann aftur!

# Íþrótta- og útivistar-markaðurinn

í Perlunni 1. - 11. desember

PUMA · asics · CINTAMANI · speedo · Teva · casall

## Verðdæmi:

| Vara | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Puma dömuhettupeysa | 13.990 kr. | 4.990 kr. |
| Puma götuskór | | Verð frá 3.990 kr. |
| Asics herrabolur | 6.990 kr. | 3.500 kr. |
| Asics Kayano 16 | 34.990 kr. | 15.000 kr. |
| Cintamani Kolbrún | 22.990 kr. | 11.990 kr. |
| Cintamani Jarþrúður | 16.990 kr. | 7.990 kr. |
| Cintamani Svavar fjólublár | 23.990 kr. | 11.990 kr. |
| Speedo dömusundbolur | 9.990 kr. | 4.990 kr. |
| Speedo watershorts | | Verð frá 990 kr. |
| Casall íþróttatoppur | 7.990 kr. | 3.990 kr. |
| Casall æfingapeysa | 12.990 kr. | 6.000 kr. |

Gerðu frábær kaup

Opið alla dagana kl. 12 - 18








Meistaradeild Evrópu:

# Allt undir hjá Chelsea

**FÓTBOLTI** Lokaumferðin í fjórum riðlum Meistaradeildar Evrópu fer fram í kvöld og er spenna í þremur riðlum af fjórum. Barcelona og AC Milan eru komin upp úr H-riðli en spenna er í hinum riðlunum. Arsenal og Apoel eru einnig örugg áfram og því eru fjórir farseðlar í 16 liða úrslitin í boði í kvöld.

Stórleikur kvöldsins er viðureign Chelsea og Valencia, en liðin eru jöfn að stigum og einu stigi á eftir Leverkusen, sem stendur vel að vígi í efsta sæti. Chelsea má ekki misstíga sig gegn sjóðheitu liði Valencia.

**Leikir kvöldsins**

**E-riðill:**
Chelsea - Valencia
Genk - Bayer Leverkusen

**F-riðill:**
Olympiacos - Arsenal
Dortmund - Marseille

**G-riðill:**
Porto - Zenit St. Petersburg
Apoel Nicosia - Shaktar Donetsk

**H-riðill:**
Barcelona - BATE Borisov
Viktoria Plzen - AC Milan



**MIKLAR VÆNTINGAR** Selfyssingurinn Þórir Hergeirsson er þjálfari norska landsliðsins sem hefur náð langt á undanförnum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Mun syngja báða þjóðsöngvana

**Þórir Hergeirsson, þjálfari Evrópu- og Ólympíumeistaraliðs Noregs, segir Ísland bestu handboltaþjóð í heimi. Ísland mætir Noregi á HM í Brasilíu í kvöld.**

**HANDBOLTI** „Ísland er besta handboltaþjóð í heimi miðað við höfðatölu. Það er engin spurning. Miðað við fjárhag og mannfjölda þá er það enginn vafi. Það er hægt að komast langt á hefð og vinnusemi. Ég nota það sem ég þekki frá Íslandi á mína leikmenn – það sem snýr að vinnusemi og dugnaði. Það er eitt af einkennum Íslendinga,“ sagði Þórir Hergeirsson, þjálfari norska landsliðsins í handbolta.

Þórir er í afar sérstakri stöðu í kvöld þegar hann mætir íslenska liðinu en Þórir er fæddur á Selfossi en hefur búið í Noregi í áratugi. „Þetta verður mjög sérstakt og skemmtilegt. Ég mun syngja báða þjóðsöngvana fyrir leikinn. Ég syng alltaf íslenska þjóðsönginn.“

> Íslenskur kvennahandbolti hefur tekið miklum framförum undanfarin ár. Leikur þeirra er agaður og þær fara langt á því.
>
> **ÞÓRIR HERGEIRSSON** LANDSLIÐSÞJÁLFARI NOREGS

**Stórstígar framfarir**

Virðing er það fyrsta sem Þórir nefnir þegar hann er spurður um viðureign Noregs og Íslands á HM í kvöld.

„Ég segi það oft í Noregi að maður þarf ekkert mikið til þess að vera góður í íþróttum. Þú þarft vilja, reima á þig skóna og finna vegg til þess að kasta í. Íslendingar eru snillingar í að gera mikið úr því litla sem þeir hafa. Íslenskur kvennahandbolti hefur tekið miklum framförum undanfarin ár. Leikur þeirra er agaður og þær fara langt á því. Liðið er líkamlega sterkt lið, sem spilar fast og þolir mikið. Það er hins vegar spurning um hvernig liðinu tekst að gera það í fleiri leikjum á svona stórmóti. Það þarf að venjast því og fá reynslu í að gera slíkt. Í þessum tveimur leikjum sem ég hef séð þá hafa þær mætt ólíkum liðum og það var greinilegt að Ísland hafði ekki reynslu af því að leika gegn liði á borð við Angóla. Mér finnst íslenska liðið spennandi, það er góður agi í liðinu, góð liðsheild og góður mórall. Ísland er andstæðingur sem við tökum alvarlega og berum virðingu fyrir.“

**Gert mikið úr litlu**

Þórir segir að það sé í raun ótrúlegt hve langt Ísland hafi náð í alþjóðlegum handbolta miðað við það fjármagn sem HSÍ hefur úr að moða á hverjum tíma. „Það er ekki hægt að líkja þessu saman. Við erum með ársveltu hjá A-landsliði kvenna sem nemur 160-200 milljónum íslenskra króna og okkur finnst það ekki nóg,“ sagði Þórir en til samanburðar má nefna að heildarársvelta HSÍ er rétt rúmlega 100 milljónir kr.

**Miklar væntingar**

Markmið norska liðsins eru einföld og háleit. Og það er í raun ekki Þórir sem setur þessi markmið. Það gerir norska handknattleikssambandið.

„Á ársþingi norska handknattleikssambandsins er tekin ákvörðun um slíkt,“ útskýrir Þórir. „Þar er einfaldlega samþykkt að stefna að því að kvennalandsliðið spili til verðlauna á öllum stórmótum. Og þegar ég segi já um að taka að mér þetta starf þá eru þetta viðmiðin. Maður verður bara að lifa við þær væntingar sem gerðar eru til okkar.“

Lið Noregs er talsvert breytt frá síðustu árum en það setur sér sín eigin markmið líka. „Í liðinu sjálfu eru innri markmiðssetningar sem fara aldrei út fyrir hópinn. Við erum með lið sem er slípast saman, enda töluverðar breytingar á leikmannahópnum. Ég hef ekki haft langan tíma með hópinn eins og hann er í dag. Nýir leikmenn og aðrir sem hafa fengið önnur hlutverk en áður. Það hefur vantað stöðugleika hjá okkur en ef allt gengur vel þá gætum við leikið um verðlaun á þessu móti,“ sagði Þórir Hergeirsson. seth@frettabladid.is




# Wagenfeld
## borðlampi



### Upplýstir áratugir

Þennan glæsilega og einstaka lampa hannaði Wilhelm Wagenfeld prófessor árið 1924, aðeins 24 ára að aldri og nýtekinn til starfa á Bauhaus vinnustofunni í Weimar.

Lampinn hefur haldið vinsældum sínum áratugum saman enda er hönnunin einstök og tímalaus. Hver einasti Wagenfeld borðlampi er númeraður og merktur með þessu merki TECNOLUMEN® BAUHAUS

**Hæð: 30 cm**
**Þvermál kúlu: 18 cm**
**Ummál lampafótar: 16 cm**
**Verð: 74.673 kr.**





Fiton/SIA

VÉLAR & VERKFÆRI

SKÚTUVOGUR 1 C · 104 REYKJAVÍK · SÍMI: 550 8500 · FAX 5508510 · WWW.VV.IS

> **Stöð 2 Sport kl. 19.10**

## Ísland - Noregur

***Bein útsending frá leik Íslands og Noregs á HM í handbolta á Stöð 2 Sport. Á sama tíma fer fram lokaumferðin í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu er leikur Chelsea og Valencia sýndur á Sport 3 og Olympiacos og Arsenal Sport 4 auk þess sem leikur Borussia Dortmund og Marseille verður sýndur í beinni á vísi.is.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINI ÓTTARSSYNI PROPPÉ LEIÐIST

# *Sama grín í stærri umbúðum*

Formúlur eru ær og kýr sjónvarpsframleiðanda, sérstaklega í Ameríkunni hinni stóru. Það er þó ekki einskorðað við Kanann; ekki þarf annað en horfa á þá spjall-, dans- og skemmtiþætti sem rjómi íslenskrar hugsunar hefur hugvitsamlega stolið frá Hollywood og tröllriða sjónvarpsstöðvum íslenskum, til að sjá að formúlan blívur á klakanum sem annars staðar.

Hvergi sér formúlunni betur stað en í gamanþáttum bandarískum, svokölluðum sitcom. Af og til reyna handritshöfundar í Hollywood að hugsa út fyrir rammann, finna einhverja nýja nálgun á sama grínið, til dæmis haugur nörda sem býr saman á móti sætu gellunni.

Þátturinn Mike and Molly er dæmi um slíka tilraun til endursköpunar, þar sem menn halda sig þó innan rammans. Ramminn er þessi: karl og kona hittast, það er vandræðalegt, þau yfirstíga vandræðalegheitin og ná saman. Í kringum þau er síðan samsafn af skrítnu fólki. Allt þetta býður upp á brandara.



Það sem skilur Mike og Molly frá öðrum þáttum er holdafar aðalpersónanna. Þau kynnast á fundi hjá offitusamtökum og þéttleiki þeirra er tilefni nokkurra brandara. Vissulega er um sama grínið að mestu að ræða og í öðrum þáttum, reyndar í stærri umbúðum, en hvað með það; stundum er gott að hlæja að heilalausu gríni.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eilífðar smáblóm: Þjóðsöngvar um víða veröld **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fótspor á himnum **15.25** Nóbelsverðlaunin **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30 Jóladagatalið - Sáttmálinn** (e)
**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.28 Tóti og Patti** (35:52) (Toot and Puddle)
**17.39 Þakbúarnir** (34:52) (Höjdarna)
**17.51 Skúli skelfir** (17:52) (Horrid Henry)
**18.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn**
**18.30 Laus og liðugur** (16:20) (Gary Unmarried)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Íþróttaannáll 2011**
**20.35 Dans dans dans - Dansar í úrslitum**
**20.40 Krabbinn** (1:13) (The Big C) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem greinist með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**21.15 Djöflaeyjan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Ráðgátan** (2:2) (Case Sensitive: The Point of Rescue)
**23.10 Hvert stefnir Ísland?**
**00.15 Kastljós** (e)
**00.45 Fréttir**
**00.55 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 It's a Boy Girl Thing**
**10.00 As Good as It Gets**
**12.15 Artúr og Mínímóarnir**
**14.00 It's a Boy Girl Thing**
**16.00 As Good as It Gets**
**18.15 Artúr og Mínímóarnir**
**20.00 Journey to the Center of the Earth**
**22.00 Pan's Labyrinth**
**00.00 Little Nicky**
**02.00 Pucked**
**04.00 Pan's Labyrinth**
**06.00 The Day the Earth Stood Still**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (73:175)
**10.15 Hawthorne** (6:10)
**11.05 Borgarilmur** (1:8)
**11.45 Hot in Cleveland** (8:10)
**12.10 Wonder Years** (23:23)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance** (20:23)
**14.25 So You Think You Can Dance** (21:23)
**15.10 Sjáðu**
**15.40 Camp Lazlo**
**16.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.52 The Simpsons** (11:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.21 Veður**
**19.30 Malcolm in the Middle** (10:25)
**19.55 My Name Is Earl** (9:27)
**20.25 Modern Family** (1:24)
**20.55 Mike and Molly** (13:24)
**21.20 Chuck** (12:24)
**22.10 Community** (9:25) Drepfyndinn gamanþáttur um sjálfumglaðan lögfræðing sem missir lögfræðiréttindin sín og neyðist til að setjast á ný á skólabekk.
**22.35 Daily Show: Global Edition**
**23.05 The Middle** (7:24)
**23.30 Cougar Town** (19:22)
**23.55 Grey's Anatomy** (9:24)
**00.40 Medium** (6:13)
**01.25 Satisfaction**
**02.20 To Love and Die**
**03.40 Hot in Cleveland** (8:10)
**04.05 Chuck** (12:24)
**04.50 Modern Family** (1:24)
**05.15 Mike and Molly** (13:24)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**16.25 HM í handbolta** (Ísland - Angóla)
**17.50 Þorsteinn J. og gestir**
**18.20 Meistaradeildin fréttaþáttur**
**18.50 Þorsteinn J. og gestir**
**19.10 HM í handbolta** (Ísland - Noregur) Bein útsending
**20.55 Þorsteinn J. og gestir**
**21.30 Meistaradeild Evrópu** (Chelsea - Valencia) Sýndur beint á Sport 3 kl. 19:30.
**23.20 Meistaramörkin**
**00.00 Meistaradeild Evrópu** (Olympiacos - Arsenal) Sýndur beint á Sport 4 kl. 19:30.
**01.50 Meistaradeild Evrópu** (Borussia Dortmund - Marseille)
**03.40 HM í handbolta** (Ísland - Noregur)

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Fulham - Liverpool**
**14.25 QPR - WBA**
**16.15 Newcastle - Chelsea**
**18.05 Ensku mörkin** - úrvalsdeildin
**19.00 Fulham - Liverpool**
**20.50 Wolves - Sunderland**
**22.40 Ensku mörkin** - neðri deildir
**23.10 Aston Villa – Man. Utd**
**01.00 Man. City - Norwich**

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** (56:175)
**20.10 Bones** (8:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.05 Glee** (7:22)
**22.55 Covert Affairs** (9:11).
**23.40 Twin Peaks** (7:8)
**00.30 My Name Is Earl** (9:27)
**00.50 Bones** (8:22)
**01.35 The Doctors** (56:175)
**02.20 Sjáðu**
**02.45 Fréttir Stöðvar 2**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Parenthood** (16:22) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Saturday Night Live** (1:22) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (33:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ** (7:25) (e)
**19.45 Will & Grace - OPIÐ (9:24) (e)**
**20.10 Outsourced** (13:22) Todd er venjulegur millistjórnandi hjá fyrirtæki sem selur smádót í gegnum símasölu. Verkefnum símaversins var útvistað til Indlands og hann látinn flytja þangað fyrirvaralaust til að hafa yfirumsjón með því.
**20.35 Mad Love** (5:13)
**21.00 Charlie's Angels - NÝTT** (1:8) Sjónvarpsþættir byggðir á hinum sívinsælu Charlie´s Angels sem gerðu garðinn frægan á áttunda áratugnum.
**21.50 Nurse Jackie** (10:12) Margverðlaunuð bandarísk þáttaröð um hjúkrunarfræðinginn og pilluætuna Jackie.
**22.20 United States of Tara** (10:12)
**22.50 Jimmy Kimmel**
**23.35 Tobba** (11:12) (e)
**00.05 Mad Dogs** (2:4) (e)
**00.55 Falling Skies** (7:10) (e)
**01.45 Everybody Loves Raymond** (7:25) (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.05** Chevron World Challenge (1:4) **11.05** Golfing World **11.55** Golfing World **12.45** Chevron World Challenge (2:4) **15.45** Ryder Cup Official Film 1997 **18.00** Golfing World **18.50** Dubai World Championship (3:4) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2000 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**09.15** Come Dine With Me **10.05** The Inspector Lynley Mysteries **11.35** EastEnders **12.05** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **12.50** Come Dine With Me **13.40** Dalziel and Pascoe **14.30** Dalziel and Pascoe **15.20** Top Gear **16.10** Come Dine With Me **17.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **17.50** QI **18.20** QI **18.55** Top Gear **19.40** Top Gear **21.00** Live at the Apollo **21.45** QI **22.15** School of Comedy **22.40** School of Comedy **23.05** School of Comedy **23.30** The Graham Norton Show **00.15** Top Gear

## DR 1

**11.10** Horisont **11.35** Tæt på Dyrene **12.05** Cleo **12.35** Aftenshowet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Shanes verden **15.50** Professor Balthazar **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hvor er vi landet? **17.30** TV Avisen med vejret **18.05** Aftenshowet **18.30** Nissebanden i Grønland **19.00** Spise med Price **19.30** Kender du typen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Injustice **22.40** Bag om Borgen

## NRK 1

**12.35** Urix **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Ferieparadiset Maldivene **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** Nyheter **16.10** Bondeknolen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ut i naturen **19.15** Program ikke fastsatt **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Vi som strikket landet **21.25** Bare Egil **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket

## svt1

**09.00** Gomorron Sverige **10.00** Fråga doktorn **10.30** Plus **11.30** Skavlan **12.30** Kören **13.35** Oss baroner emellan **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Från Lark Rise till Candleford **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Tjuvarnas jul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Sommarpratarna **20.00** Veckans brott **21.00** Inside job **22.45** Dag **23.10** Rapport **23.15** Lehman Brothers sista dagar **00.15** Rapport

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Svartar tungur **21:30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN
AUGLÝSIR GÓÐAR GJAFIR Á GÓÐU VERÐI
PROLOGIC SKOTVEIÐIGALLI
Jakki og smekkbuxur í felulitum. Vatnshelt og vindhelt með útöndun.
AÐEINS 29.900,-
PROLOGIC SKOTVEIÐIVÖÐLUR
Nælonvöðlur í MAX4 felulitum.
VERÐ AÐEINS 15.995,-
NORCONIA HANDSJÓNAUKAR
Vandaðir sjónaukar í veiðina, ferðalögin og sumarbústaðinn.
25% AFSLÁTTUR til jóla
SCIERRA FLUGUVEIÐISETT
Vandað sett fyrir byrjendur. Fjögurra hluta stöng ásamt hjóli og uppsettri flotlínu. DVD diskur fylgir.
VERÐ AÐEINS FRÁ 19.995,-
DAM HNÍFASETT
3 góðir hnífar ásamt skurðarbretti og stáli. Kemur í plasttösku.
VERÐ AÐEINS 5.995,-
LAMBHÚSHETTUR
Hlýjar og góðar hettur með felugrímu.
VERÐ AÐEINS FRÁ 3.595,-
ONTARIO VÖÐLUJAKKI
Vatns- og vindheldur jakki. Hægt að renna af ermum og breyta í vesti. Fjölmargir vasar fyrir allt veiðidótið.
VERÐ AÐEINS 12.995,-
BONNAND BEITUFÖTUR
7 lítra fötur undir beituna í veiðiferðina.
VERÐ AÐEINS 3.295,-
BL BYSSUSKÁPAR Á JÓLATILBOÐI
Læsanlegt innra hólf, kólfalæsing og innfeldar lamir. 3mm stál.
FYRIR 5 BYSSUR AÐEINS 26.995,-
FYRIR 7 BYSSUR AÐEINS 33.995,-
BERETTA SKOTVEIÐIBAKPOKI
Sérhannaður bakpoki fyrir skotveiðimanninn. Byssufesting á hliðð pokans. Felulituð veðurhlíf fylgir. Vandaður poki á góðu verði.
AÐEINS 18.995,-
HEAT FACTORY ULLARVETTLINGAR
- með thinsulate einangrun og Heat Factory varmapokum.
VERÐ AÐEINS 3.895,-
DAM LETINGJAR
Samanbrjótanlegir letingjar.
VERÐ FRÁ 895,-
TROUT AND SALMON BEST IN TEST
RON THOMPSON FLUGULÍNUR
Flotlínur og sökklínur frá Ron Thompson hafa fengið góða dóma og eru á frábæru verði.
AÐEINS 5.995,-
NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR
Mælir allt að 800 metra. +/- 1 metra nákvæmni. Fullt verð 26.980,-
JÓLATILBOÐ AÐEINS 22.980,-
SPÚNAR
Gott úrval af spúnum í lax- og silungsveiðina.
VERÐ FRÁ 299,-
RON THOMPSON LAXAHÁFAR
Stór og góður háfur fyrir lax og vænan silung. Hægt að brjóta saman og lengja skaft.
JÓLATILBOÐ AÐEINS 6.995,-
BUFFALO RIVER VERÐMÆTAHÓLF
Traust og gott hólf fyrir verðmæti eða skotfæri. Frábært verð.
AÐEINS 10.995,-
OKUMA OG DAM KASTHJÓL
Mjög gott úrval.
VERÐ FRÁ 2.995,-
RON THOMPSON BARNAVÖÐLUR
Nælonvöðlur með áföstum stígvélum í stærðum frá 30 til 37.
VERÐ AÐEINS 7.995,-
OKUMA AIRFRAME FLUGUHJÓL - PAKKI
"Large arbour" fluguhjól úr grafít. Vönduð lega og góð diskabremsa. 3 auka spólur fylgja (samtals 4 spólur) og taska utan um allt. Hjólið er fyrir línu 7 til 9.
AÐEINS 12.995,-
RON THOMPSON KASTSTANGIR
Margar gerðir og lengdir.
VERÐ FRÁ 4.995,-
FAULKS GÆSA- OG ANDAFLAUTUR
Traust og gott hólf fyrir verðmæti eða skotfæri. Vinsælustu flauturnar. Frábært verð.
AÐEINS FRÁ 2.995,-
RON THOMPSON VEIÐITÖSKUR
Gott úrval af veiðitöskum.
VERÐ FRÁ 2.595,-
GERVIGÆSIR
Skeljar. 12 í kassa. Lausir hausar. Festijárn fylgja. Fullt verð 18.995,-
JÓLATILBOÐ 14.995,-
SPORTBÚÐIN
KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050
Í leiðinni úr bænum
GERVIENDUR
Blandaður hópur; steggir og kollur. Poki, blý og bönd fylgja.
AÐEINS 12.995,-
DAM VÖÐLUTÖSKUR
Sérhönnuð taska fyrir vöðlurnar. Loftun og harður, vatnsheldur botn. Burðarhandfang. Gott verð.
AÐEINS 5.995,-
MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

# Þingmenn á stífum dansæfingum

„Þetta verður mjög fróðlegt,“ segir Ólína Þorvarðardóttir þingkona, sem leggur hart að sér þessa vikuna við að undirbúa hátíðahöld á Degi rauða nefsins, sem haldinn verður með mikilli viðhöfn á föstudaginn.

Fjöldi sjálfboðaliða vinnur nú að skemmti- og söfnunardagskrá sem verður sýnd í opinni dagskrá Stöðvar 2. Meðal þess sem boðið verður upp á er óvenjulegt dansatriði þar sem þingmenn og björgunarsveitarfólk munu sýna á sér nýjar hliðar. „Mér féllust eiginlega fætur þegar ég uppgötvaði í hverju dansinn var fólginn. Ég hélt að við fengjum að svífa þarna um gólfið í einhverjum hefðbundnum danssporum og rifja upp gamla takta frá barnaskóladanskennslunni,“ segir Ólína, sem efast um að sú danskennsla muni hjálpa henni á æfingum hjá atvinnudansaranum Peter Anderson þar sem hún mun læra hópdans ásamt fleiri þingmönnum.

Tilhlökkun og örlítið stress eru í þingmannaliðinu, en þeir sem munu sýna glæsilega takta á dansgólfinu á föstudaginn eru auk Ólínu Vigdís Hauksdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Ólöf Nordal, Pétur Blöndal, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Margrét Tryggvadóttir og Árni Þór Sigurðsson. Fjöldi björgunarsveitarfólks tekur einnig þátt og á meðal þeirra verða tveir þyrluflugmenn og tveir meðlimir rústabjörgunarsveitarinnar sem fór til Haítí á síðasta ári.

Innt eftir því hvort Íslendingar fái að sjá nýja hlið á henni á föstudagskvöldið, játar hún því. „Ég óttast það já, að þjóðin muni sjá nýja hlið á mér þarna. Svo er annað hvort hún lætur sér vel líka. Ég vona bara að fólk taki viljann fyrir verkið.“ **- bb**



**DANS DANS DANS** Ólína Þorvarðardóttir og Pétur Blöndal eru í hópi alþingismanna sem dansa á Degi rauða nefsins.

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég á það til að gleyma næstum að borða í annríkinu og þá finnst mér gott að fara á Subway og panta mér grænmetisbát. Það er ódýrt, þægilegt og fljótlegt.“*

Unnur Birna Björnsdóttir tónlistarmaður.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Björgvin Halldórsson hélt sína árlegu jólatónleika í Laugardalshöll um helgina og heppnuðust þeir prýðilega eins og undanfarin ár. Fjölmargir góðir gestir mættu á tónleikana og urðu ekki sviknir af ósvikinni jólastemningunni sem þar ríkti. Þar á meðal voru handboltakappinn fyrrverandi Geir Sveinsson og kona hans **Jóhanna Vilhjálmsdóttir**, Eyþór Guðjónsson, framkvæmdastjóri Skemmtigarðsins í Smáralind, og útvarpsmaðurinn Ívar Guðmundsson. **- fb**








MYND/MATTIAS AHLM

**METSÖLUHÖFUNDUR** Jonas Jonasson hefur slegið í gegn um öll Norðurlönd og víðar með bók sinni Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf. Hann segist vera mikill aðdáandi Íslendingasagnanna og langar mjög að koma í heimsókn til Íslands.

JONAS JONASSON: VAR NÆSTUM BÚINN AÐ DREPA MIG Á VINNU

# HÖFUNDUR GAMLINGJANS HRÆRÐUR YFIR VIÐTÖKUNUM

„Ég er undir miklum áhrifum frá Njálu og Gunnlaugs sögu ormstungu. Og er þess vegna mjög hrærður yfir vinsældum hennar á Íslandi, það skiptir mig miklu máli að þjóð sem hefur lesið og skrifað bækur í jafn langan tíma og þið skuli kunna að meta hana,“ segir Jonas Jonasson, höfundur bókarinnar Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf. Jonas er höfundarnafn skáldsins, hann heitir réttu nafni Pär-Ola og varð fimmtugur í júlí, er fæddur í Växjö en hefur hreiðrað um sig á Gotlandi.

Bókin hefur slegið rækilega í gegn á öllum Norðurlöndunum og víðar og selst í tólf þúsund eintökum hér á landi. Kvikmynd er í burðarliðunum og einhverjar þreifingar um gerð sjónvarpsþátta.

Gamlinginn, eins og bókin er jafnan kölluð, segir sögu hins fjörgamla Allans Karlsson sem ákveður að flýja eigin afmælisveislu og halda út í heim. Þetta er fyrsta bók Jonasar sem rak áður fjölmiðlafyrirtæki í Svíþjóð. Dag einn ákvað hann hins vegar í samráði við unga fjölskyldu sína að selja fyrirtækið og flytja til Sviss. „Fyrirtækið hafði vaxið gríðarlega en ég ekki fylgt þeirri þróun eftir. Ég hafði alveg jafn miklar áhyggjur af ljósritunarvélunum og hvort þær virkuðu og þegar ég var bara einn. Ég var því næstum búinn að drepa mig á vinnu,“ segir Jonas sem sér ekki mikið eftir þeirri ákvörðun í dag. „Ég hefði að öllum líkindum ekki orðið rithöfundur ef ég hefði haldið áfram.“

Jonas er hins vegar fluttur aftur til Svíþjóðar og upplýsir að hann hafi þurft að standa í skilnaði og forræðisdeilu við fyrrverandi eiginkonu sína. „Þetta hefur haft smá áhrif á skrif mín og næstu bók. En þegar ég hef getað einbeitt mér að skrifunum þá hefur það verið ánægjulegt og gaman.“

Jonas segir að hann væri klikkaður ef hann hefði ekki orðið gáttaður á velgengni bókarinnar. „Ég var fyrst og fremst glaður yfir því að einhver skyldi vilja gefa bókina út. Hitt hefur bara verið bónus,“ segir Jonas og rifjar upp að hann hafi sent uppkast að bókinni til nokkurra ættingja sinna til að forvitnast hvað þeim fyndist um hana. Einn þeirra var Hans frændi, sem er víst annálaður fýlupoki og hefur ekki sagt neitt fallegt við einn eða neinn. „Hann sagðist hafa lesið verri skít en þetta. Mér þótti vænt um hans álit og mér þykir reyndar mjög vænt um hann.“

Jonas segist ekki finna fyrir mikilli pressu hvað næstu bók varðar þrátt fyrir velgengni frumburðarins. „Útgefandinn minn sagði reyndar að næsta bók yrði að vera tíu sinnum betri en sú fyrsta, ég þakkaði henni bara pent fyrir hvatningarorðin.“

**freyrgigja@frettabladid.is**






# Myndaði BDSM-fólk í Hamraborg

„Þetta er svolítið öðruvísi en síðasta bók,“ segir Jónatan Grétarsson um nýja ljósmyndabók sína sem fylgir í kjölfar portrettbókar hans af íslenskum listamönnum sem kom út í fyrra.

Í nýju bókinni eru 240 ljósmyndir, þar af tvö hundruð nýjar, meðal annars af dragdrottningum, meðlimum Hells Angels og BDSM-fólki, en það stundar kynferðislega valdaleiki. Einnig eru þar hefðbundnari myndir af listamönnum, sviðslistafólki og af borgarlandslagi. Formálann skrifaði glæpasagnahöfundurinn Stefán Máni, sem hefur ritað bækur um undirheima Reykjavíkur.

„Þetta var alveg geðveikt,“ segir Jónatan um gerð bókarinnar, sem hófst fyrir um ári. „Við getum kallað þetta ákveðna karakterasöfnun. Ég hef gaman af því að taka myndir af fólki sem mér finnst áhugaverðir karakterar.“

Aðspurður segir hann að ekkert mál hafi verið að fá að mynda fólkið í bókinni. „Það voru allir til í að taka þátt í þessu með mér. Fólk hefur líka séð hvað ég hef gert. Þarna eru bæði aksjón-myndir og uppstilltar myndir,“ segir hann. Allar myndirnar voru teknar í nýlegu ljósmyndastúdíói hans í Hamraborg og þar verður einmitt haldið útgáfuhóf og ljósmyndasýning á föstudaginn. Portrettbók Jónatans frá því í fyrra fékk mjög góðar viðtökur hjá gagnrýnendum auk þess sem hann komst með bókina í undanúrslit í einni virtustu ljósmyndarakeppni heims, Hasselblad Masters. **- fb**



**ÖÐRUVÍSI BÓK** Myndir af dragdrottningum, meðlimum Hells Angels og BDSM-fólki prýða nýja ljósmyndabók Jónatans Grétarssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Domino's Pizza
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S
ÞÚ SÆKIR
MIÐSTÆRÐ
AF PIZZU MEÐ
ÞREMUR ÁLEGGS-
TEGUNDUM Á
1.000 KR.
58 · 12345 | dominos.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Föndrað í Höllinni

Björgvin Halldórsson hertók Laugardalshöllina um helgina með Jólagesti sína. Þegar mest lét voru um 140 manns á sviðinu í einu og því var sægur af fólki baksviðs. Tónlistarmaðurinn **Örn Elías Guðmundsson**, Mugison, sá sér þarna leik á borði og fékk tónlistarfólkið til að hjálpa sér að föndra umslög fyrir plötu sína, Haglél. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur Mugison ekki undan að framleiða eintök af plötunni, vel yfir tólf þúsund eintök eru seld og upplagið stefnir í meira en tuttugu þúsund eintök. Tónlistarfólkið, sem mestmegnis var kórsöngvarar, var greinilega mikið hagleiksfólk því hermt er að á milli fjögur og fimm þúsund eintök hafi verið kláruð baksviðs í Höllinni.



### Hótar málaferlum við FML

**Þorbjörg Marinósdóttir**, eða Tobba Marinós, hótar málsókn á hendur Ókeibæ-kur vegna nýútkominnar bókar sem unnin er upp úr vefsíðunni Flick My Life. Í samtali við Vísi segir Tobba það ekki ganga upp að sumir þurfi að fara eftir reglum og aðrir ekki. Hún segist hafa látið lögfræðing senda útgáfunni Ókeibæ-kur viðvörun út af bókinni, þar sem má finna tvær myndir af Facebook-síðu hennar. Tobbu segist hafa brugðið þegar hún sá að andlit hennar og persóna væri notað í bókinni og mun fara fram á miskabætur fyrir notkun þeirra. Á Vísi kemur fram að Ókeibæ-kur heyri undir Forlagið, sem gefur út nýjustu skáldsögu Tobbu, Lýtalaus. - hdm, sv



### Mest lesið vísir

1. Átta Ferrari, tveir Benzar og Lamborghini í dýrum árekstri
2. Ari Edwald: Gillz fer ekki í loftið á meðan málið er í athugun
3. Tobba hótar að stefna forlagi vegna Flick My Life-bókar
4. Kerti menga meira en fjölmennar umferðaræðar
5. Ísland heldur áfram að falla niður spillingarlista Transparency





